



Að fá að eignast svona maka breytir öllu lífinu.

Æðruleysisbænin er leiðarljósið

Asdís Halla Bragadóttir hefur sinnt mörgum ábyrgðarstöðum, en segist nú upplifa sína erfiðustu tíma sem stjórnandi. Það hjálpaði henni að geta horfið inn í heim skáldsögunnar sem hún hefur nýlokið við og sótt stuðning til lífsförunautarins, sem hún segir vera sín stærstu forréttindi. ➔ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Milljarðar til að rannsaka svefn

Erna Sif Arnardóttir lektor við Háskólann í Reykjavík hlaut 2,5 milljarða styrk. ➔ 32



Lokaspretturinn hafinn

Forsetakosningar eru í Bandaríkjunum á þriðjudaginn og er enn mjótt á mununum. ➔ 34



Hvað er ég búin að gera?

Helga Vala Helgadóttir var allt í einu komin á þing, en hún telur það borgaralega skyldu. ➔ 28

VERUM HEIMA,
VERSLUM Á ELKO.IS



FRÍ HEIMSENDING
AF PÖNTUNUM
YFIR 10.000 KR.

ELKO 

SÉRBLAÐ

fylgir Fréttablaðinu í dag



Aðstandendur afar þakklátir

COVID-19 „Þessi hópsýking og sviplegt fráfall föður okkar, ætti að sýna okkur öllum að veiran er óútreikn-anleg og ekkert lamb að leika sér við. Við þurfum öll að gæta okkar,“ segja aðstandendur Kristmanns Eiðssonar, sem lést úr COVID-19 á Landakoti á þriðjudaginn. Fjölskyldan segist fyrst og fremst þakklát í garð starfsfólks Landakots, sem annast hafi Kristmann við erfiðar aðstæður.

Kristmann, sem meðal annars átti farsælan feril sem þýðandi og kennari, var 84 ára gamall er hann lést. Í yfirlýsingu sem fjölskyldan sendi Fréttablaðinu segir að þeim hafi verið verulega brugðið er fréttir bárust af sýkingunni á Landakoti. Þar lá Kristmann á sjúkrahæði og beið hjúkrunarrýmis á öðrum stað.



Kristmann Eiðsson.

Kristmanni hafi verið mjög þungbært að lokað var á heimsóknir. „Í álinn syrti svo á mánudeginum síðasta, þegar við fengum þær fregnir að hann væri smitaður af kórónuveirunni og væri mjög veikur.“

Synir Kristmanns fjórir fengu að heimsækja hann tveir og tveir í einu í fullum sóttvarnaskrúða. Þótt auðsýnt hafi verið að Kristmann var afar veikur hafi fjölskyldunni verið verulega brugðið við að fregna að hann væri látinn.

„Við nánasta fjölskylda fengum að kasta á hann kveðju þá um kvöldið í tveggja manna hollum í fullum sóttvarnabúningi og erum við starfsfólkinu á Landakoti óumræðilega þakklát fyrir að hafa gefið okkur tækifæri til þess að gera það. Starfsfólk Landakots, sem áreiðanlega var sjálft í áfalli yfir sýkingunni, sýndi okkur gríðarlega velvild og hlýju í öllu ferlinu og það gerði okkur lífið örliði léttara á þessum örlagastundum,“ segir í yfirlýsingu fjölskyldu Kristmanns. – **þþ**

Skór lagðir við Alþingi í mótmælaskyni



Fjölmörg sköpör voru lögð við Alþingishúsið í gær til að mótmæla meintu aðgerðaleyfi íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum. Hópur sem fór fyrir mótmælunum segir flóttamenn orjúfanlegan hluta af hlýnun jarðar. Þar sem svæði víða um heim séu að verða óbyggileg leggi fólk á flótta vegna óviðunandi aðstæðna. Íslendingar hleypi of fáum flóttamönnum inn í landið. Gefa átti öll sköpörin í söfnun eftir mótmælin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Rústir í Izmir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Létust í skjálfta

TYRKLAND Minnst fjórtán manns létu lífið á Grikklandi og í Tyrklandi eftir að jarðskjálfti 7 að stærð varð í Eyjahafi norðan við grísku eyjuna Samos í gær.

Yfir 120 manns eru slasaðir og tugir húsa hrundu. Stór flóðbylgja kom í kjölfar skjálftans. Er fólk beið að halda sig fjarri húsum sem skemmdust í flóðbylgjunni.

Upptök skjálftans voru á 10 kílómetra dýpi við grísku Tylftareyjarnar. Hann fannst á Grikklandi, Tyrklandi og á öllum eyjum á Eyjahafi. Fjölmargir eftirskjálftar mældust.

Yfirvöld í Tyrklandi hafa sett upp neyðartjöld fyrir þá sem misstu heimili sín í borginni Izmir. – **bdj**

Smávirkjun sjálfbæra svárið við stóriðjunni

Bóndinn á Grásteini í Ölfusi, Kjartan Björnsson, er með smávirkjun sem nýtir jarðvarma til að framleiða rafmagn. Orkustofnun telur að smávirkjanir gætu létt álag á flutningskerfi raforku. Margir þurftu að nýta varaafli í óveðri í fyrra.

SAMFÉLAG Kjartan Björnsson, bóndi á Grásteini í Ölfusi, hefur nýtt jarðhita á landi sínu til húshitunar og hefur komið upp rafmagnsvirkjun til einkanota og sölu, í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ekki eru margar slíkar jarðvarmavirkjanir á Íslandi sem framleiða rafmagn, en Orkustofnun telur að þær séu alls 10, en smávirkjunin á Grásteini er einstök á landsvisu ef litid er til stærðar.

Kjartan er 75 ára gamall og hefur alltaf búið á Grásteini. Hann var áður rafvirki og segist alltaf hafa vitað af hitanum í jörðinni.

„Ég hef alltaf vitað að það væri hiti í jörðinni svo ég boraði sjálfur eftir þessu. Ég hef alltaf haft áhuga á sjálfbærni,“ segir Kjartan.

Orkustofnun telur að smávirkjanir gætu létt álag á flutningskerfi raforku og tryggt ákveðið öryggi á litlum svæðum í rafmagnsleysi.

Í óveðrinu sem gekk yfir landið í desember í fyrra þurftu margir að nýta varaafli þegar stæður brotnuðu og línur slitnuðu. Stjórnendur skólabúðanna í Reykjaskóla í Hrutafirði nýttu dísilvél til að hita upp Ólafshús þar sem 85 börn voru veðurteppt og Dalvíkurbáur nýttu varðskipið Þór sem rafstöð.

„Ef Landsnetið færi af okkur hérna í einhverju óveðri þá gætum við og næstu bæir haft rafmagn af smávirkjuninni,“ segir Kjartan.

Víða um land eru aðstæður sem gefa kost á virkjun vatnsfalla eða jarðvarma til raforkuframleiðslu.

Kjartan á Grásteini er sjálfur með jarðvarmaborholu á 70 metra dýpi, þar sem hann getur dælt upp 10 til 11 sekúndulitrum af 115 gráðu heitu vatni.

„Þetta er mjög sniðugt og við



Kjartan bóndi Björnsson á Grásteini við virkjunarbúnaðinn. MYND/ADSEND

Ef Landsnetið færi af okkur hérna í einhverju óveðri þá gætum við og næstu bæir haft rafmagn af smávirkjuninni.

Kjartan Björnsson á Grásteini

vitum að orkuverð mun hækka, það er nokkuð ljóst. Þá er um að gera að nýta svona möguleika svo rafmagn þurfi ekki að ferðast langa leið,“ útskýrir Kjartan.

Uppsetning á virkjuninni er hluti af evrópsku samstarfsverkefni milli Íslands og Frakklands, til að sýna fram á notkunargildi smárra ORC-virkjana, svokallaðra tvívökva-

virkjana, í mismunandi jarðlögum í Evrópu.

Ferlið við uppsetningu virkjunarinnar hefur verið langt og strangt á köflum. ORC-smávirkjunin, sem framleidd var af franska fyrirtækinu Enogia, nýtir lífrænan vökva sem sýður við lægra hitastig en vatn, til að knýja tvær 20kW miktótúrbínur.

Tengja þurfti bæði lagnir fyrir kalt og heitt jarðvarmavatn við vélna með meðfylgjandi jarðvegsvinnu sem og að tengja rafmagnskerfi vélarinnar við rafflutningskerfi Rarik.

Öflugt starf var á sviði smávirkjana og segir Orkustofnun að þó frekari stóriðja komi ekki til sé mikilvægt að auka raforkuframleiðslu til að halda í við aukna eftirspurn vegna fjölsfjölgunar í landinu.

ingunnlara@frettabladid.is

OPTIBAC
ALLA DAGA

- Dreifa sér vel um meltingarkerfið og framleiða vinveitta flóru sem myndar jafnvægi
- Góð forvörn sem stuðlar að heilbrigðri meltingu
- Viðheldur heilbrigðu ónæmiskerfi
- Gegnir lykilhlutverki við fæðuniðurbrot

OptiBac
probiotics



TOYOTA C-HR HYBRID

FER ÞÉR VEL



Verð frá: 5.490.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 25.10.2020 TIL 31.10.2020




1.200

fermetra hótél er áætlað á Hellnum auk átta sumar-bústaða.



58

prósent barna, sem tala aðeins annað tungumál en íslensku heima, æfa nánast aldrei íþróttir.



4.300

er fjölgun örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega frá árinu 2013.



6

prósenta fækkun hefur orðið í Evrópu á þjálfurum og íþróttastarfsfólki í faraldrinum.



996

eru í einangrun á Íslandi vegna COVID-19.

Þrjú í fréttum Konur, fuglar og hótéláform

Katrín Jakobsdóttir

forsætisráðherra

er áhyggjufull vegna stöðu kvenna í Póllandi og heiminum öllum, þar sem vegið sé að réttindum kvenna hvað varðar frjósamis- og kynheilbrigði í skjóli faraldursins. Fyrr í mánuðinum fordæmdi Katrín að víða væri reynt að afnema fyrri sigra kvenna vegna ákvörðunarréttar yfir eigin líkama.



Björn Gíslason

borgarfulltrúi

Sjálfstæðisflokksins

vill friðlýsa strandlengjuna við Skerjafjörðinn. Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn tillögu um landfyllingu í firðinum, þar sem hún sé neikvæð fyrir lífríki og fuglalíf. Björn segir það vera með miklum ólíkindum ef meirihlutinn kjósi að hundska mat stofnunarinnar.



Ólína Gunnlaugsdóttir

íbúi á Hellnum á Snæfellsnesi

sagði áform um nýja gistiþjónustu í plássinu vera áfall og í trássi við framtidarsýn þar. Gagnrýndi Ólína Snæfellsbæ fyrir framgöngu sína í málinu. Ólína sagði að byggja ætti hótél við friðlýsta strönd. Allir sem til þekki á Hellnum hljóti að gera sér grein fyrir því hvers konar breyting þetta yrði fyrir ásynnd og yfirbragð plássins.



Mikilvægt að skólar séu opnir þrátt fyrir harðnandi aðgerðir

Hertar sóttvarnaráðstafanir tóku gildi hér á landi á miðnætti. Helstu breytingar felast í tíu manna samkomubanni í stað 20 manna. Þá eru grunnskólabörn ekki undanþegin reglum. Skólastjóri í Háteigsskóla segir mikilvægt að halda skólunum opnum. Reglugerð um skólalald verður kynnt um helgina.

COVID-19 Hertar sóttvarnaráðstafanir tóku gildi hér á landi á miðnætti og gilda þær um landið allt.

Meginbreytingin felst í tíu manna fjöldatakmörkunum í stað 20 manna áður.

Enn er í gildi tveggja metra nándarreglan. Bæði sviðslistir og íþróttastarf verður óheimilt. Þá verða sundlaugar lokaðar og það sama á við um krár og skemmtistaði.

Veitingahús með vínveitingaleyfi mega ekki hafa opið lengur en til níu á kvöldin og skylda er að fólk beri grímur þar sem ekki er unnt að tryggja tveggja metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Undanþágur eru á tíu manna fjöldatakmörkunum. Heimild er fyrir 30 manns í útförum en að hámarki tíu í erfidrykkjum. Hámarksfjöldi í lyfja- og matvöruverslunum er 50 en reglur eru þó um aukinn fjölda með hliðsjón af stærð húsnæðis. Þá gilda fjöldatakmörkanir ekki í almenningssamgöngum og við störf viðbragðsaðila.

Börn fædd árið 2015 og síðar eru undanþegin tveggja metra reglunni, fjöldatakmörkunum og grímuskyldu, en áður giltu sömu reglur um börn fædd 2005 og síðar. Það þýðir að einungis börn á leikskólaaldri eru undanþegin reglunum.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra sagði á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í gær að þrátt fyrir breytingarnar yrðu skólar áfram opnir hér á landi eftir að hertar aðgerðir tæku gildi.

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri í Háteigsskóla, segir útfærslu skólalalds þar ekki liggja fyrir.



Ráðherrar kynntu hertar sóttvarnaaðgerðir vegna kórónaveirufaraldursins í Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það að halda skólunum opnum hefur með svo margt að gera varðandi rútinu barna og þar af leiðandi lýðheilsu þeirra.

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri í Háteigsskóla



„Við biðum bara frekari fyrir-mæla en ég geri ráð fyrir því að við förum í svipað skipulag og við vorum með í mars,“ segir Arndís sem kveður skólafólk hafa lært af reynslunni sem fengist hafi síðast og að það muni takast á við verkefnið af æðruleysi.

„Við vitum að skólarnir þurfa að ganga og það er það sem við horfum helst í. Það eru allir að vanda sig.“

Þá itrekar Arndís að áriðandi sé að litid sé á skóla sem mikilvægar samfélagsstofnanir.

„Það að halda skólunum opnum hefur með svo margt að gera varðandi rútinu barna og þar af leiðandi lýðheilsu þeirra og atvinnulífið. Það að við foreldrarinn getum mætt til okkar vinnu eða sinnt henni heima,“ segir Arndís.

Á blaðamannafundinum í gær sagði Lilja menntamálaráðherra að um helgina yrði kynnt reglugerð um opnanir skóla með takmörkunum eftir umfangsmikið samráð við skólaumhverfið.

birnadrofn@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG
ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM
OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTBREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

Nýr Kia Sorento. Klár í hvað sem er.



S O R E N T O



The Power to Surprise

Nýr Kia Sorento. Einnig fánlegur sem tvinnbíl og tengiltvinnbíl.

Við kynnum nýja kynslóð Kia Sorento. Nýr Sorento hefur fengið nýtt útlit og býr yfir fullkomnum tæknilausnum sem gera aksturinn enn þægilegri og öruggari. Sorento fæst sem dísilbíl, tvinnbíl eða tengiltvinnbíl með 55 km rafmögnuðu drægi. Dráttargeta er allt að 2.500 kg.

Það er opið í dag frá kl. 12-16 hjá Kia á Krókhálsi 13. Nýr Sorento er einnig til sýnis og reynsluaksturs hjá umboðsmönnum um allt land.

Pantaðu reynsluakstur á kia.is eða í síma 590 2100.

Við tökum vel á móti þér.

Kia Sorento verð frá:

9.290.777 kr.

2,2 dísil, 4WD, 8 þrepa sjálfskipting,
7 manna, 202 hö.

ASKIA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



Leikandi létt með Harpatinum

Harpatinum er eina viðurkennda jurtyalið á Íslandi til að draga úr vægum gigtarverkjum. Fæst án lyfseðils í öllum apótekum.

Jurtyalið sem hefur er fyrir til að draga úr vægum gigtarverkjum og vægum meltingartruflunum eins og uppþembu, vindgangi og úmáttumdu lysterfysi. Þetta líf er jurtyalið sem hefur er fyrir og tilgreindar ábendingar fyrir notkun þess eru eingöngu byggðar á langri sögu um notkun lyfisins. Notkun: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki ætlað yngri en 18 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Notist ekki ef ofnæmi fyrir jarðnetum eða soja, eða sár í maga eða þörmum er þekkt. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfisins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

FLOREALIS

KÓÐI Í VEFVERSLUN "HREKKUR"

Hrekkjavökutíðboð

30%

AF ÖLLUM VÖRUM

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Hugmyndasamkeppni um byggðamerki fyrir Múlaping

Múlaping, sveitarfélag sem til varð 4. október 2020 með sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, efnir til hugmyndasamkeppni um byggðamerki.

Tákn byggðamerkisins skal hafa tilvisun í áberandi einkenni í náttúru sveitarfélagsins, sögu þess eða mynd.

Skilyrði er að merkið hafi skjaldarlögun og sé í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafraðinnar, sbr. 4. og 5. grein reglugerðar um byggðamerki nr. 112/1999. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og skráningu byggðamerkja má finna hjá Hugverkastofnunni, eða á www.hugverk.is/byggdamerki

Tillögum skal skila í tveimur útfærslum, í lit og í svart/hvítu, sett upp á arkir í stærðinni A4. Tillögunni skal jafnframt fylgja lýsing á merkingu hennar og meginhugmynd.

Að auki skal skila merkinu á tölvutæku vektorformi. Tillögurnar skal merkja að aftan með 5 stafa tölu sem höfundur velur. Nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi, merktu með sama auðkenni.

Sérstök dómnefnd hefur verið skipuð til að meta tillögur sem berast.

Verðlaunaupphæð er kr. 500.000 fyrir þá tillögu sem verður fyrir valinu. Dómnefnd áskilur sér þó rétt til að hafna öllum tillögum.

Frestur til að skila tillögum er til **13. nóvember 2020**. Tillögur sendist til: "Múlaping, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir", merkt "Byggðamerki".

Upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.mulathing.is



Konur þora ekki að tala um að sjá eftir að hafa orðið mæður af ótta við útskýfun úr samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mæðrum bannað að sjá eftir barneignum

Konur sem upplifa eftirsjá eftir barneignir þurfa að bera þá byrði í hljóði, þar sem samfélagið leyfir ekki umræðu um eftirsjá vegna móðurhlutverksins. Á sama tíma er samfélagið sagt dæma konur sem velja barnlaust líf sem óhæfar.

HEILBRIGÐISMÁL Margaret Anne Johnson segir íslenskt samfélag meina konum að upplifa, og tjá sig, um eftirsjá í tengslum við barn-eignir.

„Samfélagið gerir ráð fyrir að það sé ekki hægt að sjá eftir því að eignast barn, sá möguleiki er ómögulegur í augum flestra,“ itrekar Margaret, sem rannsakar móðurhlutverkið ásamt Gyðu Margréti Pétursdóttur kynfræðingi.

„Flestir virðast halda að mæður sem upplifi eftirsjá eftir barneignir séu einhvers konar skrímsli sem hati börnin sín.“ Það sé þó fjarri lagi. „Það er ekki þannig að mæður sjái eftir sínum eigin börnum, heldur sjá þær eftir því að hafa orðið mæður vegna móðurhlutverksins,“ segir Margaret. Hlutverkinu fylgi ábyrgð og álag sem vegi þungt á herðum mæðra, sem upplifi jafnvel að þær séu ekki starfinu vaxnar.

Í rannsókninni hafa þær Margaret og Gyða rætt við átta íslenskar konur sem segjast sjá eftir því að hafa orðið mæður. Einnig styðjast þær við erlendar rannsóknir.

„Það hefur ekki einn einasti þátttakandi lýst því að finna eitthvað annað en ást í garð barna sinna,“ segir Margaret. Það sé þó erfitt fyrir konurnar að viðurkenna að þær upplifi eftirsjá.

Flestir virðast halda að mæður sem upplifi eftirsjá eftir barneignir séu einhvers konar skrímsli.

Margaret Anne Johnson



„Þær konur sem gera það uppskera ídulega mikla fordöma og óttast það jafnvel að vera tilkynntar til Barnaverndarstofu sem óhæfar mæður,“ segir Margaret alvarleg. Samfélagið sé enn á móti því að taka þessa umræðu.

„Það er stöðugt talað um að barn-eignir séu val kvenna og þess vegna megi ekki sjá eftir þeim.“

Þegar rýnt er í samfélagsumræðuna kemur þó í ljós að hart er sótt að konum sem velji barnlaust líf.

„Það er langlíf myta í samfélaginu að það sé eitthvað verulega mikið að hjá konum sem vilja ekki eignast börn, þar af leiðandi má auðvitað ekki tala um að sjá eftir því að hafa gert það.“ Umrætt val liggja því ekki beint fyrir.

Einnig sé vinsælt stef að halda

því fram að konur muni sjá eftir því að eignast ekki börn, frekar en hitt. „Það er ennþá gert ráð fyrir því að líffræðileg örlog allra kvenna séu þau að verða mæður.“

Konur sem tóku þátt í rannsókninni lýsa því margar að hafa látið undan þrýstingi um að eignast barn. Þeim hafi verið lofað gulli og grænum skógum þegar barnið myndi koma í heiminn en hafi aldrei fundið sig í móðurhlutverkinu.

Einn þátttakandi lýsti móðurhlutverkinu sem förn á eigin lífi: „Ég hélt að líf mitt væri búið þegar dóttir mín fæddist. Ég hafði enga orku fyrir neitt annað en hana.“ Önnur lýsti því að elska börn sín meira en allt í heiminum, en að hlutverkið væri henni um megn.

„Einhver sagði líka að það hefði verið fullkomið að fá föðurhlutverkið.“ Þannig hefði verið hægt að losna við líkamlegar skyldur og samfélagslegan þrýsting.

Það er nauðsynlegt að opna þessa umræðu og hætta að þagga niður í konum að mati Margaretar, sem leitar enn að fleiri þátttakendum fyrir doktorsrannsóknina.

„Það er alveg ljóst að það eru fleiri mæður sem hafa upplifað álíka tilfinningar og okkur langar mikið að ræða við þær,“ Margaret Anne Johnson. kristlin@frettabladid.is

Fær ekki að leiða tvo lækna fyrir dóm

DÓMSMÁL Kröfu manns, sem ákærður er fyrir að hafa banað eiginkonu sinni í Sandgerði fyrr á árinu, um að honum yrði heimilað að leiða tvo nafngreinda lækna við aðalmeðferð málsins, var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness á fimmtudag.

Umræddir lækna höfðu hvor um sig svarað bréfluga spurningum verjanda mannsins um hættueiginleika áfengis og lyfja, mögulegt ómunnisástand vegna áfengisneyslu og mögulegar dánarorsakir hjá ungum og miðaldra einstaklingum.

Í úrskurðinum er til þess vísað að lækarnir geti ekki af eigin raunborið um málsatvik og hvorugur

➤ Kröfu um að lækna verði leiddir fyrir dóm sem vitni skortir lagastöð.

þeirra verið dómkvaddur sem matsmaður í málinu að ósk ákærða né til þeirra leitað af ákærvaldi eða lögreglu áður en ákæra var lögð fram í málinu. Dómurinn taldi kröfu um að lækarnir yrðu leiddir sem vitni skorta lagastöð.

Fyrir liggur matsgerð dómkvaddra matsmanna um að

mögulegt sé að konan hafi látist af völdum lyfja- og áfengiseitrunar. Jafnframt að ekki sé unnt að staðfesta að kraftbeiting gegn hálsi hafi átt sér stað rétt fyrir andlátíð, heldur kynni hún að hafa átt sér stað allt að þremur dögum fyrir það.

Þessar ályktanir eru á skjön við þá dánarorsök sem lögð er til grundvallar í ákæru, þar sem ákærði er sagður hafa kyrkt konuna.

Pótt ákærði fái ekki að leiða lækna tvo sem vitni munu réttarmeinafræðingarnir sem unnu fyrrnefnda matsskýrslu svara spurningum fyrir dómi, auk þeirra réttarmeinafræðinga sem framkvæmdu réttarkrúfninguna. – áá

TAX FREE DAGAR

Ad sjálfsgögu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.



**Taxfree* af öllum
leikföngum
29. október - 2. nóvember**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti



Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

HAGKAUP

Undirbúa stytta af föður Selfoss í hjarta bæjarins

SELF OSS Styttubandalagið á Selfossi stefnir að því að afla fjár og reisa stytta í miðbæ bæjarins af Agli Thorarensen, sem oft hefur verið nefndur faðir Selfoss.

Í bréfi Styttubandalagsins til Árborgar segir að Egill hafi ungar hafið verslun í Sigtúnum, verið fyrsti Kaupfélagsstjóri Árnesinga og gegnt því starfi í áratugi og verið stjórnarformaður Mjólkurbús Flóamanna í áratugi og komið að flestum framfaramálum á Selfossi.



Nýr miðbær sem nú ris á Selfossi.

Fjórir skrifa undir bréfið, meðal annars Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra. Þar kemur einnig

fram að lengi hafi staðið til að reisa stytta til minningar um Egil og veita honum þannig þá virðingu sem hann eigi skilið, sem og uppbyggingsögu Selfoss.

Styttubandalagið óskaði í erindi sínu til Árborgar eftir samstarfi við sveitarfélagið um áformin og að það skipaði einn til þrjá fulltrúa í framkvæmdahóp. Það þótti bæjarráði, sem tók málið fyrir, þó ekki rétt að gera en kvaðst fagna áformunum varðandi styttuna. – bb

VIRUXAL®

Viðbótarvörn gegn vírusum fyrir nef & munn

Nú fáanleg aftur í öllum helstu apótekum. Nánari upplýsingar á viruxal.com



ViruxNasal® og ViruxOral® koma ekki í stað grímna, sóttþreinsunar, fjarlægðartakmarkana og tíðra handþvotta.



GRÍMUR

HANDÞVOTTUR

FJARLÆGD

SÓTTÞREINSUN

VIRUXAL®



VILT ÞÚ MÓTA GÖNGUGÖTUR?

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir þverfaglegum og skapandi teyimum til að taka þátt í mótun göngugötuhluta Laugavegar, Vegamótastígs og Skólavörðustígs með þarfir notenda og rekstraraðila í fyrirrúmi. Verkið verður unnið í samstarfi við samæmingarhönnuð verkefnisins 9 skref.

Þrír hönnunarhópar verða valdir til samstarfs en í umsóknarferli boðar Reykjavíkurborg til viðtala. Óskað er eftir að hvert teymi samanstandi af þremur einstaklingum frá mismunandi starfsstéttum. Listinn er ekki tæmandi en í hópnum gæti verið arkitekt, innanhússarkitekt, landslagsarkitekt, iðnhönnuður, upplifunarhönnuður, grafískur hönnuður, myndlistarmaður eða mannfræðingur.

Verkefnið felst í að hanna göturýmið með fjölþætt notagildi þess í huga í samstarfi við hagsmunaaðila. Lögð er áhersla á að staðarandi og leikgleði fái að njóta sín. Hugað verður sérstaklega að lausnum er varða aðgengi allra, gróðurvæðingu, útfærslu götugagna og lýsingu. Forhönnun og viðamikil greiningarvinna liggur fyrir.

Skilafrestur umsókna:
11.nóvember 2020

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á gongugotur.reykjavik.is

Umsóknir sendar á gongugotur@reykjavik.is



Lélegar girðingar geta skapað stórhættu á þjóðvegum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verri girðingar við þjóðvegina

Hafin er vinna við að greina kostnað í girðingamálum landsins og í kjölfarið verða unnar tillögur um að hefja átak í málaflokknum. Sveitarfélög ráða jafnvel ekki við kostnaðinn ein síns liðs.

LANDBÚNAÐUR Ráðuneyti landsins hafa skipað starfshóp til þess að kortleggja og koma með tillögur um úrbætur á girðingamálum landsins, í samstarfi við sveitarfélög og alla hagsmunaaðila.

Girðingum hefur hrakað undanfarin ár, sér í lagi vegna breyttrar byggðasamsetningar og lausaganga búfjár er víða vandamál.

„Fyrsti fasinn er að ná utan um legu og umfang girðinganna og kostnaðartölur síðustu fimm ára,“ segir Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri hjá Vegagerðinni og formaður starfshópsins.

Í starfshópnum sitja einnig fulltrúar Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, MAST, Bændasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Við horfum til alls landsins og þess kostnaðar sem ríkið og sveitarfélögin setja í girðingar. Hvar sé hægt að hagræða og hvaða leiðir séu til úrbóta,“ segir Pálmi.

Meðal annars á að greina kostnað við nýbyggingar girðinga og viðhald og umfang og kostnaður við smölun búfjár. Hjá Vegagerðinni sjálfri fara hundruð milljóna króna í gerð og viðhald girðinga á hverju ári.

Girðingar gegna afar mikilvægu hlutverki, til dæmis hvað varðar ræktun, gróðurvernd, umferðaröryggi og dýravernd. Norðanlands er nú í gangi stórt riðumál. Pálmi segir starfshópin hafa verið skipaðan áður en það kom upp. Lausaganga sauðfjár sé þó víða vandamál sem kvartað sé undan.

„Vegagerðin girðir með fram öllum vegum og síðan er það landeigenda að halda því við. Með breyttu byggðamynstri er það ekki alls staðar gert,“ segir Pálmi. „Þessar afrettargirðingar eru stórt og mikið verkefni og sveitarfélögin ráða stundum ekki við þetta ein og sér.“ Pálmi segir að átak í girðingarmálum gæti hafist árið 2022.

Að sögn Pálma verður að koma í ljós hvernig hagsmunir fara saman, til dæmis hestafólks og sauðfjárþænda. Ekki sé sjálfgefið að sama lausnin henti á hverjum stað.

„Aðstæður á Vestfjörðum og í Skagafirði geta verið mjög misjafnar og leiðir til úrbóta því einnig. Til dæmis hvað legu landsins varðar og hversu mikill sauðfjárþúsakapurinn er,“ segir Pálmi. Verði því haft ríkt samráð við alla hagsmunaaðila.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Skiptar skoðanir um áfengisfrumvarp ráðherra

STJÓRN MÁL Embætti landlæknis og Krabbameinsfélagið leggja gegn frumvarpi Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra um breytingar á áfengislögmum. Samtök atvinnulífsins, Félag atvinnurekenda og Samtök verslunar og þjónustu eru því hins vegar fylgjandi.

Í frumvarpsdrögum er lagt upp með að heimila vefverslun með áfengi í smásölu og að smærri brugghús geti selt bjór á framleiðslustað. Alls hafa 147 umsagnir borist inn í samráðsgátt stjórnvalda. Skoðanir eru mjög skiptar.

Landlæknir segir ekki litið til áhrifa á lýðheilsu. „Umsögn embættisins byggir á lýðheilsusjónarmiðum, því leggst embættið gegn þessari breytingartillögu um aukið aðgengi að áfengi.“

Sömu sjónarmið eru á lofti í umsögn Krabbameinsfélagsins.

„Lengi hefur verið vitað að neysla áfengis eykur líkur á krabbameinum í munnhöli, koki, barkakýli, vélinda, lifur, brjóstum, ristli og endaparmi. Áfengi veldur til dæmis 5 prósentum brjóstakrabbameina og 3 prósentum



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.

krabbameina í ristli og endaparmi á Norðurlöndum.“

Samtök atvinnulífsins segja breytinguna varfærna þar sem áfram gildi strangar reglur um kaupendur. Sala handverksbrugghúsa auðveldi ekki aðgengi að áfengi þar sem nú þegar sé hægt að heimsækja þau og kaupa bjór.

„Hins vegar tryggir breytingin að handverksbrugghús geta á auðveldari hátt komið vörum sínum í verð. Þannig er samkeppnisstaða þeirra í betra samræmi við samkeppnisstöðu stærri framleiðenda sem hafa betra aðgengi að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.“ – ab



Aukin þjónusta við eldri borgara



Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í sérstakt **símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu



ÁSTAND HEIMSINS



Fjöldi fólks gerði sér ferð út á götur Hong Kong til að kaupa hrekkjavökuskreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Reynt var að ná tökum á skógareldum sem geisa í Kaliforníu með því að sprauta vatni úr þyrflu yfir svæðið nálægt íbúabyggð í Butterfield Ranch-hverfinu í Los Angeles í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Hópur fólks mótmælti á götum úti í Peshawar í Pakistan í gær. Mótmælin komu til eftir að skopmynd var birt í frönsku blaði á dögunum og sögðu mótmælendur að um kerfisbundna íslamófóbiska herferð væri að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þessa fallegu kirkju má sjá í bænum Shusi í Nagornó-Karabak héraðinu sem hefur verið í höndum armenskra aðskilnaðarsinna síðan stríði lauk þar árið 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þessi loftmynd sýnir verkamenn hreinsa götur í borginni Hoi An í gær, eftir að mikið flóð varð í borginni og þakti hluta hennar eðju. Hoi An er á Heimsminjaskrá UNESCO. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Hlusta.is
Hljóðbókasafnið þitt
Alltaf við höndina

Kodiaq

Fjór hjóladrifinn og fæst sjö sæta



ŠKODA



5 ára ábyrgð fylgir íólksbíum HEKLU að upplýttum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Þægindi, tækni og hönnun

Škoda Kodiaq er sneisafullur af staðalbúnaði og hefur slegið rækilega í gegn fyrir aksturseiginleika, tækni og snjalla hönnun. Njóttu þess að ferðast um landið á fjór hjóladrifnum Kodiaq sem hægt er að fá með sjö sætum og endurnýjaðu tengslin við það mikilvægasta í lífinu. Komdu í reynsluakstur og finndu hvað gerir Kodiaq að afburðargóðum kosti. Hlökkum til að sjá þig.

Forbókaðu reynsluakstur á www.hekla.is/reynsluakstur

Škoda Kodiaq 4x4

2.0 / Dísil / Sjálfskiptur

Verð frá **6.690.000 kr.**

Sending væntanleg í desember!

Pantaðu þinn núna á www.hekla.is/skodasalur

Staðalbúnaður

- Bakkmyndavél
- Stöðugleikastýring
- Hraðastillir
- Rafmagnsopnun á afturhlera
- Nálgunarvarar
- LED ljósabúnaður
- 8 hátalarar og fleira.



Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/skodasalur



Við biðjum gesti að aðstoða okkur í að gæta sóttvarnareglna og virða 2 metra bilið á milli gesta.

www.skoda.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



- Málningarvinna
- Flísa- og parketlög
- Múrviðgerðir
- Tjón vegna myglu
- Nýsmíði og viðhald
- Vatnstjón
- Rakaskemmdir

AQRAT.IS

892 0688

HÁGÆDA NÁTTÚRULEG VÍTAMÍN FYRIR ALMENNA VELLÍÐAN

Solaray er hágæða vítamín- og bætiefnalína sem unnin er úr jurtum. Á hverjum degi vinnum við með náttúruleg hráefni sem geistar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Þannig tryggjum við þér hrein vítamín og bætiefni með mikla virkni.

Opnun tilboða í ólestri

Samtök iðnaðarins lýsa áhyggjum af annmörkum á opnun rafrænna tilboða hjá opinberum verkkaupum. Koma þurfi í veg fyrir tortryggni með gagnsæi.

IDNAÐUR Dæmi eru um að verulegir annmarkar hafi verið á opnunum útboða með rafrænum aðferðum á vegum opinberra aðila undanfarið.

Samtök iðnaðarins hafa sent bréf á stærstu opinberu verkkaupa landsins þar sem lýst er yfir áhyggjum af stöðu mála og óskað eftir staðfestingu á því hvernig verði tryggt að útboðsreglur séu virtar þegar um rafræn útboð er að ræða.

Þegar tilboð eru opnuð frá verk-tökum er gjarnan stuðst við svokallað tveggja umslaga kerfi. Fyrst er lagt mat á þá lausn sem lögð er til og henni gefin einkunn en síðan eru tilboðin opnuð öll á sama tíma.

Í hefðbundnu árferði geta fulltrúar verktaka verið viðstaddir opnun tilboða en þar sem það hefur verið illmögulegt að undanförunu hefur verið gripið til rafrænna lausna.

„Áhyggjur okkur beinast að því að ferlið getur verið gert tortrygglegt ef einhver vafi er til staðar. Samkeppnin á þessum markaði er gríðarleg og það er algjört lykilatriði að ferlið við opnun tilboða sé gagnsætt. Því miður hefur framkvæmd sumra opnana á tilboðum verið með þeim hætti að félagsmenn okkar hafa leitað til samtakanna í kjölfar þeirra,“ segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.

Jóhanna nefnir sem dæmi nýlegt útboð hjá Vegagerðinni þar sem verktakar fengu ekki sendar upplýsingar um verðtilboð allra þátttakenda í útboðinu fyrr en daginn eftir að það var afstaðið. Slík framkvæmd er óboðleg að mati Jóhönnu.



Fjöldi útboða vegna opinberra framkvæmda er á döfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er samt ekki í boði að slíkar hnókrar séu á stórum útboðum.

Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI



„Það virðist því miður vera svo að skortur á verkferlum varðandi slíka rafræna opnun tilboða sem og tæknilegar hindranir séu að vefjast fyrir þessum opinberu verk-

kaupum. Það hafa allir skilning á að núverandi aðstæður í þjóðfélaginu séu krefjandi en það er samt ekki í boði að slíkar hnókrar séu á stórum útboðum,“ segir Jóhanna.

Í ljósi fjárfestingarátaks stjórnvalda í innviðum sé fjöldi útboða fram undan og því mikilvægt að bregðast hratt við. Sé rétt að þeim staðið séu rafræn útboð framtíðin.

„Ef rétt er staðið að öllu þá blasir við að rafræn opnun tilboða er framtíðin enda eru þau ódýrari, umhverfisvænni og spara tíma fyrir alla þátttakendur svo eitt hvað sé nefnt. Það er það jákvæða sem við fáum vonandi út úr þessum einkennilegu aðstæðum,“ segir Jóhanna. bjornth@frettabladid.is

Eitt bókasafnskort gildi fyrir höfuðborgarsvæðið

MENNING Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru nú að skoða að íbúarnir geti nýtt bókasafnskort á hvaða stað sem er. Það er, að til dæmis korthafar í Kópavogi geti notað sitt kort í Reykjavík og öfugt.

Yrði þessi breyting samfara nýju kerfi hjá Landskerfi bókasafna á næsta ári.

Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður segir þetta myndu bæta þjónustuna fyrir notendur og ekki skapa neinn tilkostnað. Söfnin sendu bréf um málið til sveitarstjórna en ekkert er enn borðfast.

Nú þegar eru tvær „blokkir almenningsbókasafna“ á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík, Sel-tjarnarnes og Mosfellsbær annars vegar og Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður hins vegar. Það kerfi var búið til fyrir 20 árum. Með breytingunni yrðu þetta sameinað.


„Fólk er almennt trútt sínu bókasafni en þetta myndi bæta þjónustuna fyrir þá sem flakka á milli,“ segir Pálína.

Kortin myndu einnig ganga í Bókabilinn og nú þegar hafa allir bókasafnskorthafar aðgang að Rafbókasafninu þar sem einnig er hægt að nálgast hljóðbækur.

Aðspurð segir Pálína ekki enn hafa verið rætt um að útfæra þetta enn frekar, til dæmis bókasafna á landsbyggðinni eða Landsbókasafninu.

„Við ætlum að byrja þarna,“ segir Pálína. „Minn draumur er sá að kort í Borgarbókasafninu verði ókeypis, en þetta er pólitísk ákvörðun.“

Nefnir Pálína að kortin séu ókeypis í Mosfellsbæ, Akureyri og hjá nokkrum sveitarfélögum til viðbótar. Kortin í Borgarbókasafninu kosta ekkert fyrir börn, aldrafólki og



Borgarbókasafnið er lokað en panta má bækur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Minn draumur er sá að kort í Borgarbókasafninu verði ókeypis, en þetta er pólitísk ákvörðun.

Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður



öryrkja. En fyrir vinnufært fullorðið fólk er verðið 2.500 krónur.

Borgarbókasafninu var lokað í vor og aftur núna í haust í hertum samkomutakmörkunum. Í sumar var það misjafnt eftir söfnum hvers margir komu til baka, til dæmis nokkuð margir í aðalsafninu í Gröf-inni en fækkað víða annars staðar.

Nú hefur safnið hins vegar þann háttinn á að fram getur pantað bækur fyrir fram og sótt þær þó söfnin séu lokað.

„Þessi aðferð hefur gengið mjög vel og fólk er þakklátt fyrir að geta sótt sér bækur,“ segir Pálína. – klg

Styrkir úr Samstarfsjóði við atvinnulífið um heimsmarkmiðin

Utánríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru úr Samstarfsjóði við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna vegna samstarfsverkefna í þróunarríkjum.

Hefur fyrirtæki þitt áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og á sama tíma sækjast eftir nýjum viðskiptatækifærum og aukinni samkeppnishæfni?

Samstarfsjóðurinn skapar ný tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.

Hlutverk sjóðsins er að hvetja til þátttöku og framlags atvinnulífsins til þróunarsamvinnu. Sjóðurinn er opin fyrir umsóknum frá skráðum fyrirtækjum.

Markmiðið er að draga úr fátækt og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í fátækum ríkjum. Sérstök áhersla er lögð á atvinnusköpun kvenna og jákvæð umhverfisáhrif verkefna.

Listi yfir gjaldgeng samstarfslönd er að finna á vef sjóðsins.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum miðlæga þjónustugátt hins opinbera: island.is/samstarfssjodur fyrir lok **7. desember 2020**.

Fyrirspurnir um sjóðinn skal senda á netfangið atvinnulif.styrkir@utn.stjr.is eigi síðar en **30. nóvember**.


Allar nánari upplýsingar og verklagsreglur á utn.is/samstarfssjodur.

Stjórnarráð Íslands
Utánríkisráðuneytið



Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land**




Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks

*Sjá nánari skilmála á appotek.is



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



FLAIR HÆGINDASTÓLL, PRÍR LITIR
LJÓSBRÚNN, GRÁR OG SVARTUR
47.992 KR. -59.990- KR.



SAGA HÆGINDASTÓLL, TVEIR LITIR
GRÁR OG BRONS
71.992 KR. -89.990- KR.



DUAL HÆGINDASTÓLL, TVEIR LITIR Í
SLÉTTFLAUELI OG SVART BONDED LEDUR.
47.992 KR. -59.990- KR.



ZED BORDSTOFUSTÓLL.
SVART ÁKLÆÐI EÐA PU-LEDUR.
25.492 KR. -29.990- KR.

EMBRACE BORDSTOFUSTÓLL.
SVART ÁKLÆÐI EÐA PU-LEDUR.
26.392 KR. -32.990- KR.



RIVERDALE EMMY PÚÐAR, SLÉTTFLAUEL, PRÍR LITIR OG ÞRJÁR STÆRÐIR. VERÐ FRÁ: 5.990 KR.



MEXICO SÓFI, TVEGGJA SÆTA
SLÉTTFLAUEL, FJÓRIR LITIR
67.992 KR. -84.990- KR.

MEXICO SÓFI, ÞRIGGJA SÆTA
SLÉTTFLAUEL, FJÓRIR LITIR
79.992 KR. -99.990- KR.



BITZ FAT
15.890 KR.



BITZ SKÁL 14 CM
1.990 KR.



BITZ VASI/LUKT
17,5 CM
2.890 KR.



CRAY BORDSTOFUSTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, FJÓRIR LITIR
26.392 KR. -32.990- KR.



ERIS BORDSTOFUSTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, PRÍR LITIR
7.493 KR. -9.990- KR.



BROOKE BORDSTOFUSTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, FIMM LITIR
16.992 KR. -19.990- KR.

Reykjavík 12 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 12 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 22. nóvember eða á meðan birgðir endast

VEFVERSLUN



www.husgagnahollin.is

SENDUM FRÍTT

Fáðu innblástur

... fallegir tónar fyrir lifandi heimili

LUCA SÓFABORÐ, SVÖRT EDA HVÍT MARMARAPLATA OG SVARTIR MÁLMFÆTUR. TVÆR STÆRÐIR; 90 X 80 X 45 CM **64.990** KR. OG 60 X 50 X 40 CM **41.990** KR.



GALAWAY COUNTERSTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, FJÓRI LITIR
16.992 KR. ~~19.990~~ KR.



GORDO LEIRVASI. **8.990** KR.
PTMD PAMPAS. **4.690** KR. STK.



BRAY BORDSTOFUSTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, ÞRÍR LITIR
16.992 KR. ~~19.990~~ KR.



RIVERDALE
FRINGE PÚÐI
6.990 KR.



PTMD ORKIDEA
RAUÐ ORKIDEA
7.990 KR.



HÚSGAGNA
HÖLLIN



ÓMISSANDI Í BAKSTURINN

Gerum daginn gírnilegan

Fjöldi gírnilegra uppskrifta á gerumdaginn gírnilegan.is



Loftslagssjóður
Umsóknarfrestur er 10. desember

Loftslagssjóður heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Rannís hefur umsjón með sjóðnum.

Boðið er upp á tvær styrktegundir og eru styrkirinn veittir til eins árs:

- Styrkir til kynningar og fræðslu um loftslagsmál.
- Styrkir til nýsköpunarverkefna, ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

Áhersla er lögð á verkefni sem hafa það markmið að draga úr losun eða skilgreina betur hina ýmsu þætti losunar sem rekja má til mannlegra athafna.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2020 kl. 16.00.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar og reglur um sjóðinn er að finna á www.rannis.is



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið

rannís
www.rannis.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Eldri borgarar á Akureyri hafa nýtt Hlíðarfjall mikið en nú þurfa nú að greiða sexfalt meira. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Verðið sexfaldast fyrir eldri borgara á skíðum

Gjaldskrárhækkun til eldri borgara í Hlíðarfjalli nemur 480 prósentum. Vetrarkort sem kostaði sjö þúsund krónur kostar 40.500 krónur. Félag eldri borgara á Akureyri mótmælir en bærinn sér ekki ástæðu til að bregðast við.

AKUREYRI Hallgrímur Gíslason mætti fyrir hönd Félags eldri borgara á bæjarráðsfund á miðvikudag þar sem hann mótmælti hækkun á gjaldi vetrarkorta í Hlíðarfjall fyrir eldri borgara og fór fram á að hækkunin yrði tekin til endurskoðunar.

Vetrarkortið kostaði áður sjö þúsund krónur en er nú til sölu á 40.500 krónur. Þeir sem áttu kort í fyrra geta fengið kortið á 35.700 krónur. Bæjarráði Akureyrar þykir þó ekki tilefni til að endurskoða gjaldskrána.

„Þegar þetta er sett upp í prósentur þá er þetta mikil hækkun, rúm 400 prósent, sem okkur finnst ansi vel í lagt og ekki í samræmi við neitt sem er að eiga sér stað í þjóðfélaginu,“ segir Hallgrímur. Hann hafði fengið boð um að Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs, ætlaði að heyrja í honum varðandi málið en meira vissi hann ekki.

Hallgrímur segir að eldri borg-

Ástandsins vegna hef ég minna heyrð í mínu fólki en þeim sem hafa séð þessar tölur blöskrar.

Hallgrímur Gíslason, eldri borgari á Akureyri

arar á Akureyri og í nærsvæitum nýti fjallið mjög mikið.

„Fólk er í fjallinu á öllum aldri, mikil ósköp. Eldri borgarar eru orðnir miklu yngri í anda en fyrir nokkrum árum ef það má orða það þannig. Miklu sprækari og fólk er í fjallinu fram eftir öllum aldri. Ég veit um eina konu sem er í kringum nírett sem er þarna á hverju ári,“ segir Hallgrímur.

Þá bendir Hallgrímur á að yngri borgarar og þeir sem eldri séu hafi leiðst hönd í hönd er komi að afslætti í fjallið. Nú sé búið að taka fyrir afslátt eldri borgara en afslættinum haldið fyrir þá yngri.

Börn 6 til 17 ára greiða áfram sjö þúsund krónur fyrir vetrarkort en 18 ára og eldri 40.500 krónur nema þeir hafi átt kort í fyrra. Þá kostar kortið aðeins minna.

Forsvarsmenn Hlíðarfjalls ákváðu að þeir sem áttu vetrarkort í fjallið síðasta vetur fái afslátt af kortum fyrir komandi skíðavetur í viðleitni til að bæta upp fyrir þá daga sem handhafar skíðakorta urðu af síðasta vetur þegar loka þurfti skíðasvæðinu vegna COVID-19 undir lok mars.

„Yngri og eldra fólk greiddi það sama áður fyrr. Nú virðist verðið bara gilda fyrir yngri fólk og gamla fólk geti því bara átt sig, sem er sérstakt því hann hefur haldið í hendur, afsláttur fyrir yngri borgara og þá sem eldri eru,“ segir Hallgrímur. Hljóðið í hans félagsmönnum sé frekar þungt.

„Ástandsins vegna hef ég minna heyrð í mínu fólki en þeim sem hafa séð þessar tölur blöskrar.“
benediktboas@frettabladid.is

Samráðsleysi um landamæralokanir Norðurlanda rætt á hispurslausan hátt

NORÐURLÖND Þingi Norðurlandaráðs lauk í gær og eins og flestallir viðburðir þessa dagana var það haldið með fjarfundarbúnaði.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, forseti ráðsins, segir þingið hafa gengið vel og að allir séu orðnir þrautþjáfaðir í að funda á þennan hátt. Vissulega hafi þó verið leiðinlegt að geta ekki haldið þingið í Hörpu og veitt verðlaunin í eigin persónu.

Nefnir hún að sérstaklega ánægjulegt hafi verið að Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hafi komið fram á þinginu, haldið ávarp og svarað spurningum.

„Auðvitað hefur fólk áhyggjur af framhaldinu og hvernig við náum að byggja okkur upp að nýju,“ segir Silja. „Á lokuðum fundum með ráðherrum komum við þeim skilaboðum áleiðis að samráð yrði að standa saman.“

Á lokuðum fundum með ráðherrum komum við þeim skilaboðum áleiðis að samráð yrði að vera betra.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, forseti Norðurlandaráðs



Í faraldrinum hefur einmitt skort á samráð Norðurlandanna hvað landamærin varðar og var það rætt.

„Margir fara daglega milli Norðurlandanna til þess að sækja vinnu, heilbrigðisþjónustu og fleira,“ segir Silja. „Á lokuðum fundum með ráðherrum komum við þeim skilaboðum áleiðis að samráð yrði að vera betra.“

Silja segir norrænt samstarf skipta afar miklu máli hvað faraldurinn varðar, til dæmis við innkaup á lækningabúnaði og bóluefni, þegar að því kemur.

Þá sé sérfræðiþekking mjög mikil á Norðurlöndum og mikilvægt að slíki þekkingu og reynslu sé deilt milli þjóðanna.

Í fyrra var stefna um samfélagsöryggi samþykkt í Norðurlandaráði og var hún einnig til umræðu nú. Undir þetta falla meðal annars viðbrögð við farsóttum, netöryggismál og fleira.


„Það þarf að skilgreina betur hlutverk og ábyrgð, þegar til dæmis náttúruhamfarir eða hryðjuverk eiga sér stað. Þannig að það sé ekki teknar rangar ákvarðanir í skyndi eins og gert var í vor með landamæralokunum,“ segir Silja Dögg. – kfg



Við verðum við símanna til að leysa úr málum með þér

Þó að útibúin okkar og Fyrirtækjamiðstöð séu lokuð tímabundið getur þú alltaf haft samband við okkur á opnunartíma í síma eða á netinu. Einnig er hægt að panta tíma í ráðgjöf í síma og við hringjum í þig þegar þér hentar. Við hvetjum þig til að nota netbankann og appið þar sem hægt er að sinna allri helstu bankaþjónustu.

Þannig vinnum við saman að því að tryggja öryggi okkar allra.



Frjáls heimur



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Bandaríkjamenn ganga til forseta-kosninga á þriðjudag. Í framhaldi mun þá skýrast hvort Joe Biden, 77 ára, eða Donald Trump, 74 ára, situr í Hvíta húsinu næstu fjögur árin.

Reyndar hafa rúmlega 80 milljónir kjósenda þegar greitt atkvæði utan kjörfundar. Það bendir til að kjósrókn verði meiri en menn hafa átt að venjast þar vestra, og er talið falla Biden í hag.

Bandaríkjamenn vísa oft til forseta síns, og hann sjálfur þar á meðal, á þann veg að hann sé leiðtogi hins frjálsa heims. Engum blöðum er þó um það að fletta að miklu fleiri en Bandaríkjamenn sjálfir hafa hagsmuni af því hver úrslit verða í kosningunum. Bandaríkin eru hernaðarveldi og hafa í áruna rás varla hikað við að beita því og blandað sér í spennu og átök um allar jarðir. Sömuleiðis skipta efnahagsmál í Bandaríkjunum miklu máli fyrir efnahag alls heimsins. Það er mikilvægt að forseti Bandaríkjanna njóti trausts þjóða heims. Nokkuð ofmælt væri að sé raunin um þessar mundir.

Það er því auðskilið að heimsbyggðin fylgist vel með kosningabaráttunni og úrslitunum. Og kosningabaráttan hefur verið slök. Lítið spennandi nag og kappæður frambjóðendanna þrautleiðingar. Þær hafa alla vega ekki dregið fram að þar fari menn sem fallnir eru til að verða leiðtogar hins frjálsa heims. Af öllum þeim 330 milljónum sem búa í Bandaríkjunum er sérkennilegt að þessir tveir menn hafi staðið einir eftir þegar val frambjóðenda fór fram.

Bandaríkjaforseta biður erfitt verkefni. Afleiðingar heimsfaraldursins eru gríðarlegar þar, eins og annars staðar. Sömuleiðis biður hans það verkefni að endurreisa traust heimsins til forsetans og Bandaríkjanna.

Þegar þetta er skrifað mæla kannanir níu prósentustiga mun á frambjóðendum, Biden í hag. Fyrir síðustu forsetakosningar mældist Hillary Clinton með um þriggja prósentustiga forskot á Trump. Það er því ekki á vísan að róa. Bæði er það vegna þess að kannanir segja ekki endilega til um hver niðurstaðan verður. En einnig vegna áhrifa þess hvernig kosningafyrirkomulagi með kjörmönnum er háttátt.

Skemmst er að minnast kosninganna árið 2016, þegar Hillary Clinton voru greidd nær þremur milljónum fleiri atkvæði en Trump í kosningunum, en þær skiluðu Trump mun fleiri kjörmönnum.

Með öllum þessum fyrirvörum standa sakir þannig að líklegast er að frambjóðandi Demókrata, Joe Biden, verði 46. forseti Bandaríkjanna.

Honum tókst vel upp í vali sínu á varaforsetaefni. Kamala Harris er líkleg til að styðja vel við Biden og vel verður séð fyrir forystu Bandaríkjanna í hennar höndum, komi til þess að á það þurfi að reyna.

Sigri Donald Trump í kosningunum, taka við önnur fjögur ár af upphrópunum og óvæntum uppákomum sem ekki eru til þess fallnar að auka hróður Bandaríkjanna í samfélagi þjóðanna. Varaforsetinn Mike Pence er af sama sauðahúsi og forsetinn sjálfur og breytir engu í þeim efnunum.

Sjáum til.



Bandaríkjamenn vísa oft til forseta síns, og hann sjálfur þar á meðal, á þann veg að hann sé leiðtogi hins frjálsa heims.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Hliðarverkun leiðinda

Í dag er hrekkjavaka. Henni verður fagnað, eins og svo mörgu, með öðru sniði en venjulega. Vegna COVID-19 hvetur almannavarnadeild ríkislög-reglustjóra fólk til að halda upp á daginn heima. Í stað þess að ganga í hús og hafa uppi hótun um „grikk eða gott“ leggja samtökin Heimili og skóli til að fjölskyldur fari í ratleik og setji skraut í glugga.

Arsins 2020 verður minnst fyrir margt. Ofarlega á lista margra eru vafalítið leiðindi. Hvað gerir maður sér til dægurstytingar þegar allt er bannað? Leiðindi hafa hins vegar óvænta hliðarverkun.

Hinn 26 ára Nadeem Perera ólst upp í Newham, einu fátækasta hverfi Lundúna. Unglingsárin voru honum erfið og hann mætti illa í skóla. Einhverju sinni er Nadeem skrópaði fékk hann sér sæti í kirkjugarði. Spæta tyllti sér við hlið hans. Nadeem starði á hana furðu lostinn. Attu spætur ekki aðeins heima í teiknimyndum? Næst kom hann auga á fugl, turnfálka eins og hann komst síðar að, í hreiðri í þakrennu kirkjunnar. „Þessi andartaks tenging við náttúruna gjörbreytti lífssýn minni,“ sagði Nadeem nýverið í blaðaviðtali. „Ég gerði mér grein fyrir því hvað var margt nýtt að sjá, meira að segja á vel kunnum slóðum.“

Nadeem tók að ganga um með kiki um hálsinn og uppflattibók um fugla undir handleggnum. Vinir hans gerðu grín að honum en honum stóð á sama. „Ég vissi hvers virði áhugamál mitt var.“

Hugmyndir um jákvæð áhrif náttúrunnar á andlega heilsu ryðja sér nú til rúms. Rannsóknir sýna að útivist, göngutúrar um græn svæði og garðyrkja, hafa jákvæð áhrif á kvíða og þunglyndi. Nýjustu athuganir sýna sömu áhrif fuglaskoðunar.

Í maí síðastliðnum, þegar London var í COVID-sóttkví, stofnaði Nadeem Perera fuglaskoðunarhóp undir heitinu „Flock together“. Var markmið hans að opna augu ungs fólks í steinsteypum hverfum stórborgarinnar fyrir fuglunum í nánasta umhverfi sínu.

Áhuginn var svo mikill að samstundis spruttu upp systurfélög í New York, Berlín og Torontó.

Náttúrunám úr nærumhverfi

Hvað gerir maður af sér þegar ekki er hægt að fara í leikhús, á pöbbinn eða í trampólíngarðinn með börnin? Upp úr leiðindum spretta nýjungar. Frá því í mars, þegar yfirvöld í Bretlandi þar sem ég bý settu fyrst sóttvarnareglur á daglegt líf, hef ég prófað flestar kóróna-dellurnar: súrdeigsbakstur, þrjónaskap, hugleiðslu, hámglaup. Fæstar munu þær enda sem tómsundaiðja til framtíðar. Mér segir svo hugur um að það geri hrekkjavöku-ratleikur dagsins ekki heldur. Eitt uppátækið gæti þó verið komið til að vera. Þrátt fyrir að vera meira fyrir gangstéttarhellur en grasbala, þola illa áhrif móður jarðar á skóbúnað minn og náttúruafllana á hárgreiðsluna, hef ég itrekað dröslast með börnin út í fuglaskoðun.

Í vikunni bárust fréttir af því að Náttúrufræðistofnun Íslands legðist gegn landfyllingu í Skerjafirði svo fjölgja megi íbúðum á svæðinu. „Forsendur fyrir þéttingu byggðar ... eiga ekki að byggjast á því að raska lífríkustu svæðum Reykjavíkur,“ sagði í umsögn stofnunarinnar.

Í dag er ekki bara hrekkjavaka heldur einnig Alþjóðadagur borga. Meira en helmingur mannkyns býr í borgum. Áætlað er að hlutfallið verði 60% árið 2030. Það skýtur skökku við að nú, þegar samband náttúru og geðheilsu mannkyns verður æ ljósara, skuli borgaryfirvöld leggja til náttúrunám úr nærumhverfi borgarbúa.

Athafnir mannanna ógna mörgum þeim svæðum sem fuglar byggja afkomu sína á. Fuglaríkið þarf á hjálp okkar að halda. En rétt eins og fuglaskoðarinn Nadeem Perera bendir á þurfum við einnig á hjálp þess að halda. „Ef fólk vissi bara hversu gott það er fyrir andlegt heilsufar að stíga út og finna sér náttúruspildu, staldra við og gera ekki annað en að horfa og hlusta.“

Heitustu grillin!

Weber Pulse Rafmagnsgrill

Weber salurinn
Skútuvgi 1h
(inng. frá Barkarvogi)
Sími: 58 58 900

weber.is



STUNDUM ER ERFITT AÐ SKREPPA FRÁ

Pantaðu lyfin heim í Lyfju appinu.

Pantaðu lyfin heim hratt og örugglega í Lyfju appinu. Þú getur einnig fengið ráðgjöf sérfræðings í netspjalli.

Sæktu Lyfju appið í App Store og Google Play.





Christian Pulisic fagnar marki ásamt Weston McKennie.
FRÉTTA-
BLAÐIÐ/GETTY

Ungt lið sem er líklegt til afreka

Bandaríska karlalandsliðið í knattspyrnu er með góðan efnivið í höndunum til næstu ára. Fimm þekktustu leikmenn liðsins eru í lykilhutverkum hjá stórlíðum í Evrópu og gæti allt smellið saman hjá Bandaríkjunum þegar HM fer fram þar í landi eftir sex ár.

FÓTBOLTI Fara þarf varlega þegar lítið er sex ár fram í tímann og spáð fyrir um framtíðarhorfur inni á knattspyrnuvælinum en sífellt stækandi hópur knattspyrnu-aðdáenda í Bandaríkjunum getur farið að hlakka til næstu ára og þá sérstaklega til þess þegar Heimsmeistaramótið fer fram þar í landi árið 2026. Bandarískir leikmenn eru farnir að gera sig gildandi í stærstu liðum Evrópu og ef örlögin eru bandaríska liðinu hlíðholl gætu Bandaríkin í fyrsta sinn verið með lið sem er líklegt til afreka á heimavelli. Undanfarna áratugi hefur karlaliðið leikið í skugga hins magnaða kvennalandsliðs sem Bandaríkin hafa á að skipa og er erfitt að sjá karlana toppa fjóra heimsmeistararitla og fjögur Ólympiugull á næstunni. Ung kynslóð bandarískra knattspyrnumanna virðist þó óttalaus og sagði Sergino Dest, tvítugur bakvörður Barcelona, í viðtölum fyrr í mánuðinum að liðið gæti gert eitthvað magnað á HM 2026 og að markmiðið væri að vinna gullið á heimavelli.

Bandaríska liðið hefur notið góðs af því að samkeppnin er litil í undankeppninni fyrir HM í Norður-Ameríku og komst liðið því í sjö lokakeppnir í röð frá árinu 1990 til 2014. Það var mikið sjónarspil þegar Bandaríkin héldu HM í fyrsta sinn 1994 og tókst liðinu að komast áfram í sextán liða úrslitin á kostnað hins magnaða liðs sem Kolumbía hafði að skipa það árið. Það reyndist síðasta stopp Bandaríkjanna sem

féll úr leik gegn verðandi heimsmeisturum Brasilíu. Besti árangur liðsins til þessa eru átta liða úrslitin á HM í Japan og Suður-Kóreu árið 2002 þar sem bandaríska liðið sendi erkifjendur sína í Mexíkó heim á leið. Síðan þá hafa Bandaríkin tvisvar komist í sextán liða úrslit en ekki enn gert atlögu að verðlaunasæti með lið sem hafa iðulega verið byggð í kringum eina stjórn, skipulag og góða markvörslu. Liðið olli hins vegar miklum vonbrigðum þegar hörmulegt tap gegn Trínídad og Tóbago varð til þess að Bandaríkin misstu af HM í Rússlandi árið 2018.

Það var því komið að ákveðnum kynslóðaskiptum og nú er svo að mörg af stærstu liðum Evrópu eru með bandaríska leikmenn í lykilhutverki í sóknarleiknum. Þrátt fyrir ungan aldur er Christian Pulisic að hefja fjórða ár sitt hjá einu af stærstu liðum Evrópu og sitt annað ár hjá Chelsea eftir að hafa heillað með liði Dortmund þar áður. Pulisic fór ungur að árum til Dortmund og varð yngsti erlendi markaskorarin í sögu félagsins þegar hann skoraði fyrsta mark sitt fyrir átján ára afmæli sitt. Það skaut honum upp á stjörnuhimininn í heimalandinu og varð hann, enn táningur, að andliti framtíðarliðs Bandaríkjanna í knattspyrnu.

Brotthvarf hans frá Dortmund reyndist heillaskref fyrir annan ungan bandarískan sóknartengilið. Þýska félagið keypti Gio Reyna, sextán ára son Claudio Reyna sem



Tveir úr þessu U19 ára liði eru á mála hjá Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

lék á sínum ferli 112 leiki fyrir bandaríska landsliðið, sama sumar og Pulisic hélt til Englands. Framkvæmdarstjóri Dortmund, Hans-Joachim Watzke, hafði orð á því að Reyna gæti haft sömu áhrif og Pulisic og var Reyna kominn í aðallið Dortmund hálfu ári síðar. Bætti hann um leið met Pulisic sem yngsti bandaríski leikmaðurinn í þýsku deildinni. Reyna hefur ekki enn leikið fyrsta leik sinn fyrir Bandaríkin og getur enn valið á milli Portúgal, Englands, Argentínu og Bandaríkjanna en hann hefur sjálfur gefið það út að hann ætli sér að leika fyrir Bandaríkin.

Þeir Reyna og Pulisic ættu ná að valda usla í varnarlinum and-

stæðinganna og framherjinn Josh Sargent hefur enn tíma til að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans. Fyrir aftan þá ætti bandaríska liðið að geta reitt sig á Weston McKennie sem var á dögnum keyptur frá Schalke til ítalska stórveldisins Juventus og Tyler Adams sem er að hefja þriðja tímabil sitt hjá RB Leipzig en báðir eru þeir við tvítugt.

Í varnarlinunni verður Dest sem valdi að leika fyrir fæðingarland föður síns, Bandaríkin í stað Hollands, í stóru hlutverki og syndi hann í leiknum gegn Real Madrid á dögnum að það er heilmikið spurnið í þann dreng. Óvíst er hvaða miðverði bandaríska liðið

» Karlalið Bandaríkjanna komst efst í fjórða sæti heimslista FIFA árið 2006.

getur kallað á eftir sex ár en Chris Richards sem er að reyna að brjóta sér leið inn í byrjunarlið Bayern München verður að teljast líklegur.

Þá nýtur bandaríska knattspyrnusambandið góðs af því að Zack Steffen, markvörður landsliðsins, er þessa dagana á mála hjá Manchester City. Steffen er varmarkvörður Ederson og lærir þar af einum besta markverði heims hjá einu af bestu liðum heims. Hann hefur sýnt það í MLS og hjá Fortuna Dusseldorf að bandaríska þjóðin kann enn að búa til markmenn sem geta leikið í sterkustu deildum heims.

Bandaríska þjóðin nýtur því góðs af því að eiga hryggjarstykki fimm manna sem eru allir undir 23 ára í Dest, McKennie, Adams, Pulisic og Reyna. Allir þessir leikmenn eru í stórum hlutverkum hjá sínum liðum og ættu því að vera fullmótadír knattspyrnumenn þegar mótið fer fram í heimahögnum. Þá eru fjölmargir ungir bandarískir knattspyrnumenn í akademíum víðs vegar um Evrópu sem gætu bætt við það sem verður ansi líklega öflugur hópur Bandaríkjanna eftir sex ár. kristinnpall@frettabladid.is

Hertar aðgerðir neyddu KSÍ til að binda enda á Íslandsmótið í knattspyrnu

COVID-19 Í gær tilkynnti stjórn KSÍ að sambandið hefði ákveðið að ljúka Íslandsmótiinu í knattspyrnu eftir nýjustu aðgerðir stjórnvalda um að íþróttalíf yrði stöðvað. Um leið var tilkynnt að ekkert yrði af bikarkeppninni þetta árið. Valur og Breiðablik fagna því Íslandsmeistararitlinum en bæði liðin voru með níu fingur á titlinum áður en ákvörðunin var tekin.

» Breiðablik var að vinna Íslandsmeistararitilinn í kvennaflokki í átjándi skipti. Ekkert annað lið hefur unnið titilinn oft en ellefu sinnum.

Stjórn KSÍ nýtti sér ákvæði í reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna kórónaveirufaraldursins til að aflýsa mótiinu. Þar sem 2/3 heildarleikja tímabilsins var lokið var lokastaðan reiknuð út frá meðalstigafjölda. Með því fór Stjarnan upp fyrir Breiðablik enda áttu Garðbæingar leik til góða.

Reglugerð heilbrigðisráðherra

um sóttvarnir lagði bann við allri íþróttastarfsemi á Íslandi til 17. nóvember næstkomandi. Með því voru allar æfingar og keppnir íþróttamanna óheimil næstu vikurnar á öllu landinu. Þetta leiðir til þess að öllum leikjum og mótahaldi sem fyrirhugað var héraendis verður frestað.

Fram kemur hins vegar í reglugerðinni að ráðherra geti veitt

undanþágu fyrir einstaka íþróttavíðburði svo sem alþjóðlega keppnisleiki. Nú þegar hafa leikir Vals og HJK Helsinki í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu kvenna og landsleikur Íslands og Litháen í handbolta karla sem fram eiga að fara næstu vikur fengið undanþágu frá sóttvarnareglum og líklegt verður að telja að sú undanþága verði áfram í gildi. – hó, kpt

HBO

Gæðæfni
á Stöð 2

NICOLE KIDMAN
HUGH GRANT

FRÁ HÖFUNDI BIG LITTLE LIES

THE UNDOING

Miðvikudaga

Æsispennandi þættir úr smiðju verðlaunaframléiðandans Davids E. Kelly með stórleikurunum Nicole Kidman og Hugh Grant í aðalhlutverkum.



BASED ON FREDRIK BACKMAN'S BESTSELLER

BEARTOWN

Sunnudaga

Magnaðir þættir byggðir á samnefndri metsölubók. Hér er á ferðinni skandinavísk spennuþáttaröð sem á sér enga líka.



JUDE LAW NAOMIE HARRIS
KATHERINE WATERSTON AND EMILY WATSON

THE THIRD DAY

Mánudaga

Dularfullur sálfræðitryllir með þeim Jude Law og Emily Watson í aðalhlutverkum.

TRYGGÐU ÞÉR SKEMMTILEGRI VETUR Á STOD2.IS



Dagur segir ekki vanþörf á einhverju til að hlakka til. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Tendrun jólaljósanna

Jólaljósín í höfuðborginni eru fyrr á ferðinni en vanalega og nú um helgina og á næstunni verða fleiri tendruð, þar til að allt verður upplýst um miðjan nóvember.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir enga vanþörf á að hafa eitthvað að hlakka til.

Það er þegar búið að kveikja á krónsunum hjá Tjörninni og við Hljómskálagarðinn. Fleiri ljós verða svo kveikt um helgina og mánaðamótin, en við reiknum með að allt verði orðið upplýst, jólalegt og fint um miðjan nóvember, sem er hálfum mánuði á undan áætlun. Við ætlum að skreyta gróðurhúsið við Lækjartorg, setja jólaljósabæk í Austurstræti, ljósakúlustíg frá Laugavegi niður að Hljómskálagarði og margt, margt fleira," segir Dagur.



Jólaljósín fara fyrr upp nú í ár.



Það er hátíðleg stund þegar kveikt er á Oslóartrénu við Austurvöll.



ALLT JÓLASKRAUT

BORGARINNAR MUN SVO

VERA LENGUR EN VENJU-

LEGA, TIL AÐ AUKA BIRTU

Í BORGinni Í SKAMMDEG-

INU OG SKAPA SAMKENND

MEDAL ÍBÚA.

Fá að lifa lengur

„Við erum tveimur vikum á undan áætlun til þess að búa til jólastemningu í Reykjavík aðeins fyrr, af því að það er ekki vanþörf á að hafa eitthvað til að hlakka til á þessum tímum heimsfaraldurs. Miðborgin er sjaldan eins dásamleg og um jólin og þess vegna viljum við búa til huggulega stemningu með fullt af jólaljósum, sem við ætlum líka að hafa lengur. Við fáum líka margar góðar hugmyndir til okkar sem starfsfólk borgarinnar reynir að uppfylla eftir fremsta megni.

Upphaf aldaúðans

Í dag, laugardag, verður opnuð sýningin Upphaf aldaúðans, um örlög geirfuglsins, í Ásmundarsal, en í tengslum við sýninguna verður jafnframt opin málstofa um aldaúðann og barnavinnustofa.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Sýningin er upphaflega hugarföstur Gísla Páls-sonar mannfræðings, sem skrifaði bókina Fuglinn sem gat ekki flogið um örlög geirfuglsins. Að sögn Elísabetar Gunnarsdóttur, safnstjóra Listasafns ASÍ, sem stendur fyrir sýningunni, kom Gísli að máli við safnið og vildi samstarf um viðburði í tengslum við útgáfu bókarinnar.

„Sýningarnar og barnanám-skeiðin eru skipulögð í samstarfi við fjölmarga aðila víðs vegar um landið. Það verða verk eftir Ólöfu Nordal, sem unnið hefur með örlög geirfuglsins í verkum sínum um langt árabíl. Einnig verða sýnd verk eftir Ragnhildi Agústsdóttur, en viðfangsefni hennar eru náttúru-myndir þar sem íslenskir fuglar eru í lykilhlutverki. Auk þess verða á sýningunum nokkrar vatnslita-myndir Örlygs Kristfinnssonar af geirfuglum. Myndlistar- og vísindafólk leiðir barnanám-skeiðin og verk barnanna sem taka þátt á hverjum stað fyrir sig verða hluti sýninganna,“ segir Elísabet.

Táknræn athöfn í Skerjafirði

Upphaf sýningarinnar verður í dag klukkan 14 við höggmynd Ólafar Nordal af geirfuglinum, sem stendur í flæðarmálinu í Skerjafirði. „Þetta er táknræn uppákoma og öllum opin. Þarna verður meðal annars tónlistarflutningur og Ólöf Nordal flytur stutt ávarp. Sýningin í Ásmundarsal verður opnuð strax eftir það, eða klukkan 15. Sú athöfn hefst á leik hljómsveitarinnar Geirfuglanna og flutt verða nokkur stutt ávörp,“ segir Elísabet og ítrekar að fjöldatakmörkanir verði auðvitað virtar og stefnt sé á að Geirfuglarnir spili utandyra. „Á sýningunni verður ljósmyndaverk Ólafar af tveimur uppstoppuðum geirfuglum frá 2010. Fuglamyndir Ragnhildar Agústsdóttur eru flestar unnar á þessu ári með gouache, vatnslitum og kaffi á pappir og myndir Örlygs Kristfinnssonar eru vatnslitamyndir af geirfuglum, sem unnar eru á þessu ári.“

Dramatískar náttúrubreytingar

Í tengslum við sýninguna verða barnavinnustofur og námskeið og segir Elísabet þá hugmynd einfaldlega hafa spröttið út frá efninu. „Þessum dramatísku breytingum í náttúrunni sem við erum að upplifa og þeim lærdómi sem hægt er að draga af sögu geirfuglsins.“

Vegna aðstæðna hafa aðstandendur sýningarinnar þurft að breyta skipulagningu talsvert frá upprunalegum plönunum. „Upphaflega stóð til að bjóða skólabornum á sýninguna og halda námskeiðin þar. Nú er svo komið að skólahópar mega ekki fara í heimsóknir og þau mega heldur ekki fá heimsóknir til sín í skólana. Því var gripid til þess ráðs að halda námskeið úti undir berum himni og að sjálfsögðu verða vinnuáferðirnar að miðast við veður á Íslandi í lok október og



Fólkið á bak við sýninguna Upphaf aldaúðans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Geirfugl Ólafar Nordal stendur fyrir utan göngusvæði í Skerjafirði þangað sem er tilvalið að fara með börnin og ræða geirfuglinn. MYND/ADSEND

nóvember. Barnanám-skeiðin eru leidd af myndlistarmönnum og þar verður saga geirfuglsins og fleiri tegunda til umræðu. Einnig mun vísindamaður ræða við börnin þar sem því verður við komið.“

Verk barnanna hluti sýningar

Aðaláhersla námskeiðanna verður á fugla, en fleiri útdauðar tegundir og í útrýmingarhættu munu einnig koma til tals. Vinnustofan er hugsuð fyrir börn á aldrinum fimm til tíu ára og verður opin á sama tíma og sýningin á hverjum stað. „Í Ásmundarsal verður myndlistar-fólk á staðnum daglega klukkan 13 til 16. Börnin fá pappir og liti til að vinna með og þau fá líka afhenta litla teiknibók sem þau geta haldið áfram að teikna í heima ef þau vilja. Þessa teiknibók má brjóta saman og senda sem póstkort. Barnanám-skeiðin eru skipulögð fyrir opnun sýninganna og verk barnanna verða hluti af sýningunum.“

Listasafn ASÍ skipuleggur mörg skólaverkefni, sum í tengslum við sýningar, og heimsækir skóla með eldri verk úr safneigninni og nemendur vinna þá verkefni innblásin af viðkomandi verki og sögu þess. „Nemendur hafa til dæmis búið til teiknimyndir sem byggja á verkum helstu listamanna þjóðarinnar frá síðustu öld,“ segir Elísabet.



Kápa bókarinnar Fuglinn sem gat ekki flogið eftir Gísla Páls-son.

Sýningarnar verða sem hér segir:

- Ásmundarsal við Freyjugötu í Reykjavík
31. október – 2. nóvember
- Listasafni Reykjanesbæjar í Keflavík
Helgina 7. – 8. nóvember
- Mjólkurbúðinni sal Myndlistar-félagsins á Akureyri
Helgina 14. – 15. nóvember
- Eldheimum í Vestmannaeyjum
Helgina 21. – 22. nóvember



Cheerios
síðan
1993

Heiðar Logi, brimbrettakappi

Varð opinskárrí með árunum

Ásdís Halla Bragadóttir hefur víða komið við á tilkomumiklum starfsferli sínum, en af öllu því sem hún hefur áorkað hafa bækur hennar líklega vakið mesta athygli og nú er fyrsta skáldsaga hennar væntanleg í verslanir.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Við mælum okkur mót að morgni dags á fallegu heimili Ásdísar og fjölskyldu við Tjörnina í Reykjavík. Heimilið sem er frá upphafi síðustu aldar hefur aðeins verið í eigu þriggja fjölskyldna og upprunalegu útliti þess verið haldið sérlega vel við. Rólegur andi er yfir heimilinu nú að morgni dags, en Ásdís trúir mér fljótt fyrir því að fram undan sé erfiður dagur.

Undanfarin ár hefur Ásdís rekið félagið EVU sem hún stofnaði ásamt Ástu Þórarinsdóttur árið 2007. Fyrstu árin voru þær aðallega að byggja upp Sinnum heimaþjónustu, sem eftir tólf ára rekstur gengur enn mjög vel. Svo fóru þær í rekstur sjúkrahótels og í framhaldinu var Klínikin Ármúla sett á laggirnar. Þegar sú starfsemi var orðin mótuð sneri Ásdís sér að því að umbreyta rekstri Hótel Íslands yfir í heilsuhótel. Aðsókn í hótulgistingu í Reykjavík hefur nú nánast stöðvast og ákvörðun um að loka hótulstarfsemiinni tímabundið er nú óhjákvæmileg. Þegar mest lét var starfsfólk á hótelinu um 60 talsins en var komið niður í tólf daginn sem við hittumst, en að þeim degi liðnum verða einungis eftir tveir í hlutastarfi.

Það dylst ekki að sú ákvörðun tekur á Ásdísi, sem mun verja því sem eftir lifir dags í að segja upp flestum af þeim starfsmönnum sem enn voru eftir.

Erfið ákvörðun að loka

„Við munum loka fram á nýtt ár og vonumst auðvitað til þess að þetta gangi sem hraðast yfir. En á meðan óvissan er algjör eru ekki forsendur fyrir öðru en að gera hlé á starfsemiinni og koma frekar tvíefld til leiks á nýju ári.“

Ásdís bendir á að árið 2019 hafi reynst ferðaþjónustunni erfitt vegna yfirvofandi vinnustöðvna og verkfalla, gjaldþrots WOW og kyrrsetningar MAX-vélnanna, en hún og hennar fólk hafi verið fullt bjartsýni í upphafi þessa árs.

„Við einsettum okkur að komast í gegnum þetta og vorum ákveðin í því að láta 2020 ganga. Frá og með mars hrundi ferðaþjónustan og í ágúst var í raun öll von úti um að ástandið færi skánandi. Í fyrsta lagi var landamærunum lokað sem var mikið áfall. Í öðru lagi var allt sem heitir spa, wellness og veitingar, það sem gefur okkur sérstöðu sem heilsuhótel, sett í uppnám með reglulegum lokunum. Í þriðja lagi var fólk hvatt til að ferðast ekki á milli landshluta, svo gestir sem ætluðu að heimsækja okkur í höfuðborginni afbókuðu. Við ætl-uðum engu að síður að reyna að halda opnu en þegar tilkynnt var nú í vikunni að valkvæðum aðgerðum væri frestað afbókuðu okkar síðustu gestir, en það eru einstaklingar sem fara í aðgerðir á Klínikinni en gista á Hótel Íslandi.“

Uppsagnirnar erfiðastar

„Ég vona svo innilega að ég geti náð aftur saman þessu fráþæra teymi, en ég óttast því miður að svo verði ekki. Í 18 mánuði hafa uppsagnir starfsfólks verið rauður þráður í mínu starfi,“ segir Ásdís klökk og tárin brjótast fram.

„Það er snúið að byggja upp fyrirtæki en í tólf ár hafa þau verkefni aldrei haldið fyrir mér vöku því það



Ásdís Halla þurfti í vikunni að taka þá sorglegu ákvörðun að loka Hótel Íslandi í bili, með tilheyrandi uppsögnum starfsfólks, sem hún segir það erfiðasta sem hún hafi gengið í gegnum sem stjórnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MARGIR ERU Á ÞEIRRI

SKOÐUN AÐ MAÐUR EIGI

EKKI AÐ OPINBERA SIG

MEÐ ÞESSUM HÆTTI.

ÉG SKIL AÐ ÞAÐ ER EKKI

ALLRA OG HENTAR EKKI

ÖLLUM.

er svo gaman að upplifa hugmyndir verða að veruleika. En það að láta fólk fara á tímum atvinnuleysis og óvissu er það erfiðasta sem ég hef fengið við sem stjórnandi.“

Aðspurð hvað hún geri til að komast í gegnum slíka tíma nefnir hún bókarskrifin. „Það er svo magnað að þegar manni liður eins og maður hafi enga stjórn á atburðarásinni, er mikil útrás að skrifa sögu þar sem maður hefur fullkomna stjórn á atburðum, mótar persónurnar og stýrir öllu því sem þær segja og gera,“ útskýrir hún og brosir út í annað en fjórða bók Ásdísar og fyrsta skáldsagan, Ein, er nú komin í forslu á vefnum hjá Pennanum Eymundsson, en kemur í búið eftir helgi.

Fékk mörg hundruð bréf

Bækur Ásdísar, Tvisaga og Hornauga sem komu út árin 2016 og 2018, vöktu gríðarlega athygli og þó sú fyrri hafi verið prentuð í níu þúsund eintökum er hún ófáanleg. Bækurnar eru byggðar á fjölskyldusögu Ásdísar og svo sannarlega átakanlegar og opinskáar á margan hátt.

„Fyrstu bók mína skrifaði ég fyrir

rúmum 20 árum og fjallaði hún um leiðtoga í íslensku viðskiptalífi og stjórnárum. Ég hef alltaf verið mjög upptekin af jafnvæginu milli opinbera lífsins og atvinnulífsins, tók bæði master í opinberri stjórn-sýslu og MBA og langaði að skrifa bók sem sýndi fram á að þessir tveir geirar eru ekki jafn ólíkir og margir halda.

Svo skrifaði ég þessar tvær minningabækur, Tvisögu og Hornauga. Það var snúið að skrifa þær, en ég er ótrúlega þakklát mínum nánustu fyrir að hafa fengið stuðning til að ljúka þeim verkefnum. Viðtökurnar voru svo magnaðar, ég hef fengið mörg hundruð erindi frá ólíku fólki. Síðasta bréfið sem ég fékk var frá Kvænnaathvarfinu, en þær voru að setja á laggirnar nýtt úrræði fyrir börn og sagði forstöðukona athvarfsins að það væri Tvisögu að þakka. Það færir mér mikla gleði að geta sagt sögur sem hafa áhrif til góðs.“

Í heimaþjónustu eftir vinnu

Ásdís Halla vildi nú skrifa skáldsögu og var með hugmynd sem hún vildi vinna út frá. Ásdís og viðskiptafélagi hennar, Ásta, settu eins og fyrr segir á laggirnar heimaþjónustuna Sinnum. „Við vildum verða frumkvöðlar í heilbrigðis-tengdri þjónustu og fyrstu tvö árin var ég af og til í verkefnum á heimilum langveikra og aldraðra. Ég fór oftast undir lok skrifstofu-dags, hjálpaði fólki að taka lyfin sín, elda kvöldmat og undirbúa nóttina. Ég upplifði svo margt í þessu starfi sem hefur setið svo lengi með mér og mér fannst ég þurfa að skrifa um þennan veruleika eldra fólks sem er mikið eitt.“

Hún segir einn mann sem hún heimsótti vera sérlega minnis-tæðan. „Þegar ég setti upp svuntu-una og undirbjó matinn fyrir hann settist hann alltaf inn í stofu og lék á píanóíð fyrir mig. Þetta voru svo yndislegar stundir og þegar ég var búin að elda bauð hann mér íðulega í dinner og við borðuðum saman,“ Ásdís hlær að minningunni sem er augljóslega hlý. „Aðalmálið fyrir hann var ekki hvort ég hefði þrifið baðherbergið nægilega vel eða gengið frá þvottinum, fá lyfin eða að nærast, heldur að sitja með einhverjum, fá félagsskap og spjalla um lífið og tilveruna.“

Erfitt að skilja fólk eftir eitt

Nýja bókinn heitir sem fyrr segir Ein og hefst á því að stúlka í heimaþjónustu kemur inn á heimili í Afla-granda og verður mjög brugðið. „Í sama stigagangi eru sérstakir og óheppilegir hlutir að gerast og úr verður saga sem ég vona að, þó hún fjalli um hluti sem geta verið tragískir, sé forvitnileg og skemmtileg og fái fólk til að staldra við og velta þessum veruleika fyrir sér.“

Ásdís segir oft hafa verið erfitt að kveðja skjólstæðingana og skilja þá eftir eina. „Mig langaði að vera lengur og fannst þetta snúið. Ég held að margir sem starfa við heimaþjónustu finni fyrir þessu. Í flestum tilfellum á fólk góða aðstandendur og það eru ekki allir einmana þó þeir búi einir, en það eru það margir. Heimaþjónusta er svo lítið þróuð á Íslandi og við erum aðallega að horfa á þrif, næringu og böðun. Ég veit að mörg sveitarfélög eru að reyna að bæta úr en við þurfum að horfa mun meira á þetta félagslega. Ég varð að koma þessari sögu frá mér vegna þessa.“

Við lögðum allt á borðið

Raunveruleikinn er oft ótrúlegri en skáldskapur og talið færast að muninum á fyrri bókum Ásdísar og þessari nýjustu, skáldsögunni. „Ég hugsa að þetta sé mín hversdags-legasta bók,“ segir Ásdís og hlær. „Ég hefði aldrei skrifað skáldsögu eins og Tvisögu og Hornauga því þær hefðu einfaldlega ekki verið nægilega trúverðugar.“

Í þeim bókum koma meðal annars fram sögur um ástir, ofbeldi, dauða, rangferðun, alkóhólisma og eiturlyfjanotkun en fyrst og fremst er um að ræða hreinskilnar og einlægar frásagnir af lífi fjölskyldu á Íslandi, sögur sem fleiri geta klárlega tengt við.

„Margir eru á þeirri skoðun að maður eigi ekki að opinbera sig með þessum hætti. Ég skil að það er ekki allra og hentar ekki öllum. En þetta er mín leið og þetta er okkar leið. Mín fjölskylda valdi að gera þetta með þessum hætti og við erum mjög glöð með það. Þetta styrkti böndin og færði okkur nær hvert öðru. Þetta dró úr „við“ og „þið“



bauhaus.is

BAUHAUS**Hringdu og pantaðu í síma****515-0800****sæktu eða fáðu sent**

Ef þú kemst ekki til okkar er auðvelt mál að panta:
Þú hringir í símaver **BAUHAUS** í síma **515-0800**. Þú sækir pöntunina þína eða færð hana senda. Einnig er hægt að senda tölvupóst á simaver@bauhaus.is fyrir pantanir. Auðveldara verður það ekki! Kannaðu málið strax í dag!

RÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19


Ráðstafanir vegna COVID-19

Í ljósi aðstæðna varðandi hámarksfjölda viðskiptavina höfum við þurft að loka af verslun okkar til að geta þjónustað fleiri.

Athugaðu að nú eru inngangarnir fimm og mismunandi vörur í hverju hólfi. Ekki er innangengt á milli hólfanna og ef versla á vörur sem ekki eru í sama hólfi þarf að greiða fyrst fyrir vörur í einu hólfi og fara svo út til að færa sig yfir í næsta hólfi.

Vertu búin/n að kynna þér hvert þú átt að fara áður en þú kemur til þess að heimsóknin verði sem stýst.

Mikið álag er í verslun okkar og við biðjum alla viðskiptavini að sýna þessu ástandi skilning!

**A**
hólf

Timbursala
Hellur
Múrefni
Einangrun
Pallaefni
Plötur

B
hólf

Parket
Gluggar og hurðir
Flísar
Baðland
Upplýsingaborð
Salerni

C
hólf

Vélar og verkfæri
Háprýstidælur
Plastkassar
Hillur og hilluefni
Hreinsiefni
Bílavörur

D
hólf

Ljós
Ljósaperur
Rafmagnsefni
Málningarvörur
Filmur og veggfóður
Teppi

E
hólf

Jóla ljós
Jólavörur
Grill og fylgihlutir
Garðaland
Garðverkfæri
Silkiblóm

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Ásdís þurfti ung að horfa upp á hræðileg vandamál á heimili sínu, tengd neyslu og ofbeldi, og tók snemma ákvörðun um að neyta aldrei áfengis.

tilfinningunni sem oft ríkir í alkóhóliskum fjölskyldum; mömmulið og pabbalið, þessi á móti hinum og allt það. Við lögðum allt á borðið og töludum um þessar tilfinningar, sem gerði okkur sterkari. Þegar systkini mín lásu sögu mömmu þokkuðu þau mér fyrir að hafa skrásett hana, enda útskýrir hún mjög margt sem síðar átti sér stað.

Ósátt við blaðafyrirsagnir

Í bókinni Hornauga fjallar Ásdís um atburðarásina þegar hún kynntist föðurfjölskyldu sinni fyrst, á fullorðinsárum. „Ég skrifa bókina til að vinna úr áfalli sem þekkt er að einstaklingar geti orðið fyrir þegar þeir horfa í augun á helmingi gena sinna í fyrsta sinn. Það verður ákveðið genetískt umrót sem ég ætla ekki að reyna að útskýra fyrir þeim sem ekki hafa upplifað. En ein ástæða þess að það er gott að gera svona hluti upp með því að skrifa mjög ítarlega um þá í bók, er að þá hefur maður ekki þörf fyrir að tala um það aftur. Og alls ekki í blaðaviðtölum ár eftir ár. Af tillitssemi við sjálfan sig og sína nánustu gerir maður það í eitt skipti og bara í eitt skipti fyrir öll.“ segir hún ákveðin og heyra má að hún er ósátt við blaðafyrirsagnir sem birtust um málið fyrir tveimur árum.

Fær ekki að heimsækja pabba

Samband Ásdísar og móður hennar er náð, hún er orðin 81 árs, og faðir hennar hefur nú dvalið á Hrafnistu í tæpa þrjú mánuði. „Vegna COVID hef ég aldrei fengið að heimsækja hann. Það er auðvitað sárt og það var erfitt að halda upp á áttæðisafmæli hans á dögnum með því að standa fyrir neðan svalirnar á hjúkrunarheimilinu og syngja, án þess að fá að faðma hann. Hann hefur alltaf verið til staðar fyrir okkur og það er mjög erfitt að vera ekki til staðar fyrir hann þegar á reynir í hans veikindum.

En það er skylda okkar að verja þá sem eru veikastir, svo það hvarflar ekki að mér að krefjast þess að fá að fara til pabba og bera mögulega ábyrgð á því að bera smit inn á hjúkrunarheimili. Á þessum tímum er mikilvægast að verja sjúklinga og eldra fólk og mér finnst til fyrirmyndar að sjá hvernig að því er staðið á Hrafnistu. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að oflangt hafi verið gengið í að lama ýmis önnur svið samfélagsins,“ segir hún.

Kraftaverk að fá að hitta lífsförunaut

Ásdís og eiginmaður hennar, Aðalsteinn Jónsson, kynntust í Háskóla Íslands þegar Ásdís var aðeins 19 ára

gömul, þau stofnuðu fljótlega fjölskyldu og eiga þau þrjú börn og er alltaf áratugur á milli barna.

„Jónas, okkar elsti, kom í heiminn þegar ég var 21 árs og ég var svo innilega tilbúin. Þegar ég hafði fundið lífsförunautinn kom allt í einu að því að mig langaði í barn. Ég hafði ekki áður hugsað út í barneignir og átti aldrei sem stelpa drauma um brúðkaup í hvítum kjól. Ég var ekkert að pæla í neinu svoleiðis og meira að segja hafði mamma áhyggjur af því að ég myndi aldrei almennilega rækta tilfinningasamband við einhvern lífsförunaut, því ég var mjög lokuð og hleypti fáum raunverulega að mér. En svo kynntist ég Aðalsteini og þá breyttist allt. Við eignuðumst Jónas sem varð þritugur nú í ár og á von á okkar fyrsta barnabarni með sinni heittelskuðu.

Maður eiginlega upplifir það betur með hverju ári hversu mikið kraftaverk það er að fá að hitta lífsförunaut. Það eru mín mestu forréttindi og svo mikil forréttindi að ég er ekki alltaf viss um að ég eigi þau skilið. Að fá að eignast svona maka breytir öllu lífinu. Í góðu hjónabandi þar sem ríkir öryggi og traust verður til æðruleysi sem er svo gott að fá að njóta.“

Tvítugur sonur þeirra hjóna býr í kjallaraíbúðinni ásamt kærustu og

tíu ára heimasætan gengur í Landakotsskóla. „Örverpið kom í heiminn þegar ég var að verða 42 ára og ég er eiginlega svolítið eins og amma núna með hana. Ég finn alveg að ég hef slakað töluvert á í uppeldinu.“

Ásdís hefur gegnt fjölmörgum ábyrgðarstöðum, allt frá því að vera fyrsta konan til að gegna ýmsum stöðum eins og að vera formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðismanna, bæjarstjóri í Garðabæ og forstjóri BYKO. „Þó að sumum finnst þetta kannski ólík störf þá eru viðfangsefnið áþekkt. Hvert starf snýst um að gera eitthvað gott, sem hefur jákvæð áhrif í samfélaginu. Það sama gildir um bækurnar. Ég skrifa þær í þeirri von að eftir lesturinn liti einhverjir á tilveruna frá öðru sjónarhorni en þeir eru vanir.“

Hefur aldrei neytt áfengis

Ásdís Halla hefur aldrei notað áfengi eða tóbak og er það ákvörðun sem var tekin snemma. „Mamma tók hana fyrir mig,“ segir hún og hlær. „Mamma sagði að í mínu tilviki væri það ekki ráðlegt, sem ég held að hafi verið rétt hjá henni. Það er nú sagt að þó að alkóhólistagenið hafi ekki fundist, þá skýri samspil gena og félagslegra aðstæðna oft að fólk drekki illa.“



ÞAD ER KANNSKI VEGNA ÞESS AÐ ÉG HEF EDRÚ ÞURFT AÐ SEGJA OG GERA HLUTI SEM AÐRIR GERA KANNSKI BARA UNDIR ÁHRIFUM.

Þessi ákvörðun mótaði mig eflaust. Ég er mjög mikið innan um fólk og á heimilinu er alltaf eitthvað til í vinskápnunum. Ég hika ekki við að búa til stundir þar sem vín er haft um hönd og það hefur aldrei truflað mig. Fólk verður oft mikið opin-skárri þegar það drekkur vín, en svo rennur af því og það lokast aftur. Ég varð hins vegar smám saman opinskárr með árunum án þess að lokast aftur. Ég hef skrifað mjög opin-skáar bækur, eins er ég opin-ská í störfum mínum og vil yfirleitt ræða hlutina. Það er kannski vegna þess að ég hef edrú þurft að segja og gera hluti sem aðrir gera kannski bara undir áhrifum.“

Horfði upp á hræðilega hluti

Ásdís segist ung hafa áttað sig á því að áfengi væri ekkert til að fíflast með. „Bræður mínir voru svo ungir þegar þeir lentu í alvarlegum vandræðum og ég var svo ung þegar ég horfði upp á þessi hræðilegu vandamál inni á heimilinu: neyslu, áföll og ofbeldi, glæpi, fíkn og fíkniefni. En þeir voru svo frábærir bræður að þeir sögðu mér alltaf að láta þetta ekki hvarfla að mér. Þeir lögðu sig fram um að hvetja mig til þess að halda mig á beinu brautinni.“

Aldrei hætta að vinna

Móðir Ásdísar setti miklar kröfur á hana. „Henni fannst ég örugglega bara standa undir þeim. Þess vegna hef ég aldrei upplifað það sem val að glíma við eitthvað stórt og snúið, það er bara það sem ég geri,“ segir hún, en viðurkennir um leið að sú áskorun sem hún stendur frammi fyrir nú, að leggja árar tímabundið í bát, hafi reynst henni erfið.

„Æðruleysisbænin er leiðarljósið. Með svekkaldan huga verður maður að horfast í augu við það sem maður getur ekki stjórnað og ég er að ná sáttum við það að ég get ekki stjórnað heimsfaraldri. En sem betur fer höfum við mætt skilningi hjá bankanum og fasteignafélaginu Reitum, þar sem er gott fólk sem áttar sig á því að við þurfum öll að standa saman til að búa okkur undir framtíðina. Við opnum aftur á nýju ári og ég er mjög bjartsýn á framtíðina í íslenskri ferðaþjónustu, þó að við vitum ekki alveg hvenær hún bankar aftur upp á.“

Ásdís segist vonast til að starfsferillinn sé rétt að hefjast. „Ég hef óbilandi starfsþrek, áhuga, ástriðu, hugmyndir og löngun til að halda áfram að gera eitthvað sem skiptir máli. Hvaða farartæki ég nýti til þess til lengri framtíðar hef ég þó ekki hugmynd um.“

Einn frændi minn, Kristján Tómas Ragnarsson lækni í Bandaríkjunum, kom að máli við mig þegar það kom í ljós hveira manna ég var raunverulega og að við værum náskyld. Hann þekkir genin mín vel og sagði: „Gerðu sjálfri þér og þínum nánustu greiða og hættu aldrei að vinna, því daginn sem þú lætur af störfum þá verður þú til vandræða.“ Og ég er að hugsa um að sýna fólkinu mínu þá tillitssemi að hætta aldrei að vinna,“ segir Ásdís að lokum í léttum tón.



107 REYKJAVÍK EFTIR AUÐI JÓNSDÓTTUR & BIRNU ÖNNU BJÖRNSDÓTTUR



FYNDIN & HÁRBEITT!

„Þessi satíríska ærslasaga úr samtímanum fær mig bæði til að langa í tikka masala og fleiri sögur um ást á pöbbum.“

DÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR

„Ég sá þessar litríku og margbrotnu persónur strax fyrir mér lifna við fyrir framan kvikmyndavélarnar!“

INGA LIND KARLSDÓTTIR, FRAMLEIÐANDI

„Skemmti mér konunglega!“

ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR, BÆJARSTJÓRI

„Ég legg til að Guðný Halldórsdóttir leikstýri myndinni. Þetta eru týpur á hennar level.“

ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR, RITHÖFUNDUR



Helgu Völu sviður að koma góðum málum ekki í gegn á þinginu en nettröllin sem senda svivirðingar í tölvupóstum og kommentakerfum hafa engin áhrif á hana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áfall að mæta áráðarmanninum

Sem lögmaður lagði **Helga Vala Helgadóttir** ríka áherslu á að styðja þolendur í gegnum kærufæri, en kerfið brást henni sjálfri á unglingsárum. Marga aðra titla hefur hún borið, svo sem leikari, umbi Mammút og nú þingmaður.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Helga ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur og lengst af á Sudurgötunni. Hún er langyngst fjögurra barna stórleikaranna Helga Skúlasonar og Helgu Bachmann, sem nú eru fallin frá. Helga segir foreldrana hafa haft mótandi áhrif á sig og að heimilið hafi verið frábrugðið mörgum íslenskum heimilum þess tíma.

„Mamma stóð ekki bak við eldavélina og beidd eftir mér með heitan mat í hádeginu, hreint ekki,“ segir Helga Vala. „Hún var öflug framakona og þau bæði tóku mjög jafnan þátt í heimilishaldinu og uppeldi okkar systkinanna.“

Hafi Helgi þurft að berjast fyrir sínum rétti sem faðir og ganga gegn þeim venjum sem þá ríktu. Til dæmis hvað fæðingu Helgu og systkina henna varðaði. En þá sögðu heyrði Helga Vala frá ljósmóðurinni sem tók á móti henni og aðstodaði síðar við að taka á móti börnum hennar.

„Pabbi barði í borðið og sagðist ætla að fá að vera viðstaddur hér. Hann vildi fá að styðja sína konu,“ segir Helga Vala. En á þessum tíma voru feðurnir yfirleitt skildir eftir frammi á gangi fæðingardeildarinnar, eða voru bara í vinnunni á meðan fæðing stóð yfir.

„Þau kenndu mér bæði sjálfstæði og hugrekki, sem er einn besti heimanmundur sem barn getur fengið,“ segir Helga Vala. „Einnig að ég gæti gert allt, og ef ég geri mistök þá verður það í versta falli reynsla til að læra af.“

Aðspurð hvernig barn hún hafi verið, segist Helga Vala hafa verið bæði hvatvís og óþekkt, og sé það kannski enn þá. „Ég gat verið hortug í tilsvörum. En líka uppátækjasöm og glöð og sennilega fæðst undir einhverri sól,“ segir hún.

Hún stundaði ýmislegt, svo sem fimleika, handbolta, pianóleik og kórsöng, en segist aldrei hafa haldið í neinu sérstaklega lengi. „Kannski var það út af því að heimilið var passlega losaralegt og þar sem ég var yngst höfðu mamma og pabbi litlar áhyggjur af því hvað ég væri að gera.“

Oft núðlusúpur og spaghetti með tómatsósu í matinn

Nítján ára eignaðist Helga Vala sitt fyrsta barn, en þá var hún nemi við Menntaskólann í Hamrahlíð. Hún segir þetta vitaskuld ekki hafa verið fyrirfram ákveðið, en heldur engan heimsendi. „Mér fannst þetta yndislegt og ég var fullkomlega til í þetta. Þetta var ekkert sjokk,“ segir hún. „Nú þegar ég er orðin 48 ára og hugsa til baka, finnst mér þetta viðhorf dálítið sérstakt. Af hverju hrundu ekki himnarnir?“

Barnið umrædda sem kom í heiminn er Snærós Sindradóttir, síðar fjölmiðlakona, og segist Helga

Vala hafa verið afar heppin. „Hún var og er glöð og skemmtileg. En þegar ég gekk með hana hafði ég mestar áhyggjur af því að eignast barn sem mér þætti leiðinlegt,“ segir Helga Vala og hlær. „Það lýsir sennilega ákveðnum vanþroska að þetta hafi verið það sem ég var að hugsa um, en ekki hvort barnið yrði heilbriggt eða myndi glíma við einhverja erfiðleika.“

Heimurinn breyttist vitanlega og seinkaði skólagöngunni í Hamrahlíðinni. Fyrir svo að hún lauk aldrei stúdentsprófi. Rétt fyrir stúdentsprófin fékk hún nefnilega inngöngu í Leiklistarskóla Íslands á undanþágu. Upphaflega hafi afbrotafærðin togað í hana, en leiklistin var í ættinni. „Mamma var mjög kát þegar ég sagði henni að ég hefði sótt um, en pabbi óaði og æjaði. Þegar ég komst inn voru þau afar stolt og ánægð,“ segir Helga Vala.

Hún segir námið sjálft hafa verið skemmtilegt og félagskapinn fráþæran. En strax á fyrsta árinu slitu hún og barnsfaðirinn sambandinu og vegna tekjutengingar við hann fékk hún ekki námslán.

„Þetta var svolítið erfitt að vera einstæð móðir og í fullu námi sem krafðist mikillar viðveru,“ segir Helga. „Snærós fékk að koma með mér í skólann og býr að því að hafa átt þar aukafjölskyldu. En við vorum alveg hrikalega blankar. Það var hægt að kaupa núðlusúpu á þrjátíu kall í asískri búð á horninu á Hverfisgötu og Smiðjustíg. Maður lifði á þessu þessa vetur.“

Helga segist búa að þessari reynslu, að þurfa að telja hverja einustu krónu. „Ég passaði eins og ég gat upp á að stúlkan myndi ekki líða skort. En það voru oft núðlusúpur í matinn, og spaghetti með tómatsósu.“

Til Bretlands með nýjan kærasta upp á arminn

Eftir útskrift tók við brauðstrit leikarans. Helga Vala leikstýrði fyrir framhaldsskóla og lék í uppsetningum á ýmsum barnaleikritum, ásamt því að starfa á meðferðarheimili fyrir unglunga. Um tíma var hún hjá Leikfélagi Akureyrar, en stóra tækifærið kom um aldamótin í áheyrnarprufu hjá bresku farandleikhúsi, þar sem Helga fékk hlutverk í uppsetningu á Sjálfstæðu fólki eftir Nóbelskálðið.

„Kvöldið eftir að ég fékk hlutverkið var ég á skemmtistaðnum 22 og hitti þar skólafélaga úr MH, hávaxna bassaleikarann Grim Atlason. Hann spurði mig: Hvað ert þú að gera þessa dagana, Helga Vala?“ segir hún og brosir. „Þannig að ég tók Snærós með mér út til Bretlands, og nýja kærastann. Hann var þá nýfluttur til Íslands og kominn með vinnu, en sagði henni upp til að elta mig út í heim.“

Helga Vala og Grímur eiga nú tvö börn saman, Ástu Júlíu og Arnald, og fyrir átti hann soninn Emil. Helga Vala var ólétt að Ástu Júlíu þegar fjölskyldan sneri heim frá Bretlandi. Í stað þess að reyna að finna sér hlutverk í leikhúsunum,

ákvað Helga því að sækja um starf á Bylgjunni.

„Ég hitti Jón Axel Ólafsson og hann spurði mig hvort ég væri ekki litla systir hans Skúla,“ en Skúli hafði áður verið þar dagskrárstjóri. „Hann sagði mér þá að ég myndi strax taka við Síðdegisútlitum, með annarri konu, Brynhildi. En hún fór í sumarfrí viku seinna og ég stóð uppi ein með þáttinn,“ segir Helga.

Hún segir að útlitum hafi átt vel við sig, þó að henni hafi verið varpað út í djúpu laugina á fyrsta degi. Starfaði hún í fjölmiðlum næstu átta ár, meðal annars hjá Ríkisútlitum, Talstöðinni og Mannlífi.

Mætti fólki á versta stað

Á störfum sínum í Speglinum hjá RÚV kviknaði áhugi Helgu Völu á lögfræði og sérstaklega mannréttindamálum, en hún hafði þar meðal annars tekið viðtöl við lögmennta Ragnar Aðalsteinsson og Brynhildi Flóventz. „Ég hélt að lögfræðin væri þurr og aðeins fyrir jakkafataklædda karla, en komst að því hversu breitt svið þetta er,“ segir hún. „Einn daginn kom ég heim og sagði Grími að ég ætlaði að skrá mig í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík. Hann trúði mér mátulega, enda vorum við þá komin með fjögur börn,“ segir hún.

Eftir útskrift stofnaði Helga Vala eigin stofu, Valva lögmenn, með tveimur öðrum lögmönnum. Hún segir það hafa verið mikla vinnu og basl í upphafi að safna verkefnum



RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500



VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.
9.359.403 KR. M/VSK.

NÝ SENDING! LONGHORN ÚTGÁFA NÚ FÁANLEG

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG
*AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA TOGIÐ, MESTU
DRÁTTARGETUNA OG MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5,
SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGARPAKKA



RAM 3500
LIMITED MEGA CAB



RAM 3500
37" BREYTTUR



RAM 3500
40" BREYTTUR

EVROPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA.
VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU
TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MEÐ 35" BREYTINGU



UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



Helga Vala segist búa að þeirri reynsu að hafa verið einstæð móðir í fullu háskólanámi sem þurfti að telja hverja krónu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og eiga fyrir salti í grautinn. „Við upplifðum það stundum að eiga ekki fyrir launinum.“ segir Helga. „En verkefnastaðan jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á fyrsta árið. Ég er ekki óvön mikilli vinnu þannig að þetta var á sig leggjandi, því starfið er fjölbreytt og áhugavert.“

Í störfum sínum sem réttargæslumaður kynntist Helga mörgum þolendum ofbeldis og fólki í leit að vernd. Hún starfaði einnig sem lögmaður neyðarmóttöku þar sem komu þolendur heimilisofbeldis. „Á bakvakt gat ég verið kölluð út hvenær sem er, oft á heimili þar sem líkamsárás eða kynferðislegt ofbeldi hafði átt sér stað og mætti þolanda sem var á hræðilegum stað í lífinu.“ segir hún.

Í slíku áfalli segir Helga Vala það ákaflega mikilvægt fyrir þolandann að hafa lögmann til að standa með sér, hlusta og veita öryggisstillingu fyrir því ferli kerfisins sem tekur við. „Það er mikið átak fyrir marga að mæta til lögreglu eða fyrir dóm og ég lagði mig sérstaklega fram við að hjálpa þeim við þetta.“

Öryggisleysi eftir líkamsárás

Helga Vala þekkir það af eigin raun hvernig kerfið getur brugðist þegar ofbeldi á sér stað. En hún varð fyrir líkamsárás í miðborg Reykjavíkur, aðeins sautján ára gömul. Hún var þá að skemmta sér með kærasta sínum, sem stökk stuttlega frá.

„Ég var ein í Austurstrætunni

þegar eldri maður kemur og vill fá að draga mig eitthvað afsíðis,“ segir Helga Vala. „Ég sagði honum að ég væri ekki að fara neitt með honum og það hann að láta mig í friði. Þá kúldi hann mig með hnefanum í andlitið þannig að ég bæði nefbrotnaði og skaddaðist á kinnbeini.“

Helga Vala segir það hafa valdið henni miklum vonbrigðum hvernig tekið var á málinu. En þegar hún kom til að kæra var henni sagt að hún gæti það ekki nema vita hvað hann hét, en þetta var flökkumaður sem Helga Vala hafði margsinnis séð áður í miðborginni. Þegar hann fannst að lokum sagði hann lögregluinni að hann glímdi við veikindi og lögreglan lét þá málið niður falla.

„Ég var alveg í klessu og fékk engan stuðning frá kerfinu. Þetta hafði mikil áhrif á mig, bæði hvað varðar námið og öryggisleysið,“ segir Helga Vala.

Til marks um það hversu miklar afleiðingar líkamsárás af þessum toga getur haft, er að þetta blundaði enn í meðvitund Helgu Völu áratugum seinna, þegar hún mætti áráðarmanni sínum í strætisvagnaskýli í miðborginni.

„Ég var þá orðin lögmaður og var að skoða eitthvað í símanum mínum, þegar ég finn að maður stendur fyrir framan mig. Ég lít upp, sé hann og lamast,“ segir Helga Vala. Maðurinn var þá orðinn gamall, veikbyggður og hefði ekki getað gert Helgu Völu neitt. En ásjóna

hans var nóg til að gera hana lafhrædda. „Ég kom mér út úr strætóskýlinu og þangað sem ég sá að var fólk. Þá hringdi ég í Grím, hágrét og kom varla upp orði.“

Helga Vala segir að lögreglumenn og dómarmen þessa lands þurfi að gera sér betur grein fyrir hvaða áhrif árársir hafa á þolendur. „Það er búið að svipta manneskju öryggi. Í þessu tilviki var um bláokunnugan mann að ræða, en oftast er ekki gerist þetta inni á heimilum,“ segir hún. „Staðan í dag er betri en hún var fyrir þrjátíu árum og margt fært fólk í kerfinu sem tekur á ofbeldismálum. En of oft kemur það samt fyrir að þolendur mæti skilningsleysi.“

Aðspurð hvort hún hafi náð að brynja sig varðandi mál umbjóðenda sinna segir hún svo vera. „Yfirleitt tók ég þau ekki inn á mig en var með þau í hjartanu og bardíst. Maður brennur hratt upp ef málin leggjast öll á sálina,“ segir hún.

Í vinnu hjá þjóðinni

Helga Vala var kjörin á þing fyrir Samfylkinguna árið 2017, en hún segir sína stjórnmalabaráttu hafa hafist í leikskólanum. „Réttlætisbaráttan hófst þá og mér fannst ekki í lagi þegar verið var að klekkja á einhverjum. Var þó enginn engill sjálf. Mamma og pabbi voru bæði í Sjálfstæðisflokknum, en við systkinin enduðum hins vegar öll vinstra megin. Sem segir kannski eitthvað um losaraganginn í uppeldinu.“

segir hún og hlær. Hún segir móður sína þó hafa verið mjög virka í jafnréttisbaráttunni á sínum tíma, sem hafi nú aldrei verið aðalsmerki Sjálfstæðisflokksins.

Fyrstu kynni Helgu Völu af flokkapolitik voru árið 2003, þegar hún starfaði sem viðburðastjóri hjá Vinstri grænum, en Grímur var þá þar á lista. Í nokkur ár starfaði hún í grasrót Samfylkingarinnar, en ekkert meðan á lögmannsferlinum stóð.

Aðspurð hvort það hafi verið auðvelt að skilja lögmannsstofuna eftir og fara inn á þing segir hún svo ekki vera. „Aðdragandinn var enginn og svoltið strembið að þurfa að kasta öllum mínum málum yfir á aðra. Síðan var ég allt í einu komin á þing og hugsaði: Hvað er ég búin að gera?“ segir hún. „En ég lít á þetta sem tímabundið verkefni, nokkurs konar borgaralega skyldu, og fer aftur í lögmannskuna síðar.“

Hún segir þingmannsstarfið hafa staðið undir væntingum og gott betur. „Ég hef sokkið inn í málflokka sem mér hefði aldrei dottið í hug að gætu verið skemmtilegir, til dæmis samgöngumál og vegaframkvæmdir. Ég fór í umhverfis- og samgöngunefnd vegna áhuga á umhverfismálum, en kveidi fyrir samgöngumálunum. En núna er ég orðin alger samgöngunörd, sérstaklega þegar kemur að jarðgöngum,“ segir hún og brosir.

Sem lögmann skipta stjórnskip-



ÞÁ HRINGDI ÉG Í GRÍM, HÁGRÉT OG KOM VARLA UPP ORÐI.

unarmálin hana máli og nefnir hún Landsréttarmálið sem eitt það stærsta á kjörtímabilinu. Sjálf er hún hvað stoltust af fyrsta máli sínu, er laut að rétti feðra í rangfeðrunarmálum.

Vegna fyrri starfa sinna var Helga Vala nokkuð þekkt í þjóðfélaginu áður en hún steig á þing, og nafn hennar oft á milli tannanna á fólki. Þetta hafi þó aukist mjög síðan þá og hún, rétt eins aðrir þingmenn, er oft skotspónni í umræðunni. „Við erum í vinnu hjá þjóðinni, og þjóðin lætur okkur vita af því,“ segir hún. Þetta sé bæði jákvætt og neikvætt. Oft komi það fyrir að fólk stoppi hana úti í búð til að ræða um landsins gagn og nauðsynjar. En nettröllin þurfi líka að koma sínum skilaboðum áleiðis. „Þegar ég fæ drullusvívirðingar yfir mig á netinu eða í tölvupóstum tek ég það ekki inn í hjartastöðina. Ég tek það hins vegar nærri mér að koma ekki göðum málum í gegn fyrir þá sem minna mega sín.“

Lífíð er hlaðborð

Leikari, fjölmiðlakona, lögmaður og þingmaður, eru ekki einu starfstitlarnir sem Helga Vala hefur borið. Um tíma var hún athafnastjóri hjá líffskoðunarfélaginu Síðmennt, gifti fólk og stýrði nafngiftum barna. Hún segist hafa hrifist af öfgaleysi og húnánisma samtakanna og þótti vænt um að sinna þessum athöfnum. Hún segist þó ekki vera trúlaus með öllu. „Ég trúir ekki á Jesú eða Allah eða neitt þannig, en held að það sé eitthvað þarna úti sem við skiljum ekki alveg, en ég veit ekki hvort það flokkast sem trú,“ segir hún.

Umboðsmaður rokkhljómseitar er annar, og kannski óvæntari, titill. En um tíma sá Helga Vala um mál Mammúts. Hún segir það hafa gerst fyrir tilviljun á tónleikum í Hollandi að hún var beðin að taka bandið að sér, en fyrir það hafði hún ekki tengsl við neinn hljómseitarmedlim. „Ég fór að bóka túra um heiminn og þvælast um með þeim. Þau eru stórkostleg hljómseit og voru einmitt að gefa út nýja plötu sem er meiri háttar,“ segir hún. „Lífíð er hlaðborð og maður á ekki að útiloka neitt.“

180+

ÍSLENSKAR ÞÁTTARÆÐIR

AÐEINS

3.990 kr./mán



MARAPON

Tryggðu þér skemmtilegri vetur á stod2.is

HELGIN

LAUGARDAGUR 31. OKTÓBER 2020

Helgin



Hanna Þóra Helgadóttir, matarbloggari og rit-höfundur, er ein þeirra sem breytti um stefnu í sínu mataræði og byrjaði á ketó-mataræði. Hún býður lesendum upp á æðislegar vöflur. ➔4

**VEGAN
KOLLAGEN**
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í betri apótekum, heilsuþúðum og www.heilsanheim.is



Listamaðurinn Anthony Bacigalupo hefur unnið hörðum höndum í tvær vikur við að skreyta hús sitt og garð, til að gera hrekkjavökuna sem skemmtilegasta. Vegna samkomubanns verður þó ekki hægt að fara inn í hús heldur þarf fólk að standa í fjarlægð og skoða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hrekkjavaka í fullum skrúða

Bandaríkjamaðurinn Anthony Bacigalupo, slær öll met í fagurfræðilegri sköpun þegar kemur að hrekkjavökudeginum. Hús hans og garður eru svo stórkostlega skreytt að fólk sem gengur fram hjá gapir af undrun. ➔2



Húsið er ótrúlega ævintýrlegt með skriðandi kónguló framan á húsveggnum, kóngulóarvef og öðrum furðudýrum, jafnt framan við húsið og aftan. Þarna er greinilega listamaður á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það er ótrúlega draugalegt í kringum litlu hönnunarbúðina sem Anthony og Yr reka við heimili sitt að Suðurgötu 9 í Hafnarfirði.



Hrekkjavaka í allri sinni dýrð. Það má alveg brosa og skemmta sér þótt það séu skritnir tímar.



Það eru fjörutíu grasker í garðinum af öllum stærðum og gerðum.

Framhald af forsiðu →

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Anthony og eiginkona hans, Yr Káradóttir, búa í fallugu, gömlu húsi við Suðurgötu í Hafnarfirði. Anthony er ótrúlega skapandi listamaður, því garður þeirra hjóna er sannkallað listaverk, ekki síst í dag á hrekkjavökudaginn. Garðurinn er stórkostlegur venjulega enda hafa þau fengið verðlaun fyrir hann. Á þessum degi breytist hann hins vegar í mikinn ævintýraheim með draugum, kóngulóm og alls kyns furðudýrum.

Hjónin starfrækja hönnunarverslun og verkstæði við heimilið, sem nefnist The Shed. Auk þess reka þau fyrirtækið Reykjavík Trading Co. Áður en Anthony kom til Íslands fyrir tíu árum, starfaði hann sem hönnuður hjá Apple í San Francisco. Hann segir að þau séu virkilega ánægð í Hafnarfirði, bærinn líkast þorpi úti á landi. „Húsið okkar býður upp á að leika sér með listina í garðinum,“ segir hann.


Fyrir sjálfan sig og börnin

Þegar Anthony er spurður hvort hann skreyti húsið svona mikið á hverju ári á hrekkjavökunni, svarar hann: „Já, og það verður alltaf meira og meira. Konunni minni finnst þetta að verða nóg,“ segir hann og hlær. „Þegar ég flutti til Íslands var hrekkjavaka ekki


haldin hátiðleg hér. Fólk var ekki að skreyta. Ég og nokkrir vinir mínir settum á okkur furðulegar grimur þennan dag, héldum party og horfðum á hryllingsmyndir,“ segir hann og bætir við að þar sem hann sé orðinn tveggja barna faðir og hafi góðar aðstæður í garðinum, hafi hann gaman af því að skreyta fyrir þau og alla nágrannana, sem eru duglegir að koma og skoða herlegheitin. Hrekkjavakan á að vera fyrir samfélagið í kringum mann. Nágrannar koma í garðinn, ræða við mann og við kynnumst. Við viljum að fólk komi saman og skemmti sér. Vissulega verður þetta með öðru sniði núna vegna sóttvarnareglna og allir þurfa að gæta að tveggja metra reglunni,“ segir Anthony, en í fyrra kom fólk frá öllum nágrannasveitarfélögum til að skoða dýrðina.

Hrollvekjur í Ameríku

„Hrekkjavakan kom upphaflega til Bandaríkjanna með innflytjendum frá Írlandi. Í upphafi var hún hugsuð fyrir dána ættingja, svo sál þeirra myndi rata heim,“ útskýrir hann. Anthony viðurkennir að hann sé líka að setja skreytingarnar fyrir sjálfan sig. „Ég er alinn upp í Kaliforníu þar sem er rík hefd fyrir Halloween. Fólk skreytir mikið og krakkarnir biðja um gott eða grikk. Fólk skreytir hins vegar með óhugnanlegum figúrum, blóðslettum, hauskúpum og þess háttar hryllingi. Það er ekki við mitt hæfi. Heima hjá mér var ekki skreytt og kannski er ég að upplifa það sem ég missti af í æsku. En ég vil hafa þetta skemmtilegt, ekki hræða börn,“ segir hann. „Hrekkjavaka og jólin



Úps, ekki fyrir þá sem eru hræddir við drauga og afturgöngur.



Ætli það sé óhætt að ganga þarna um að kvöldi til? Þetta er hrekkur.

eru þau skipti sem ég get tapað mér í brjáluðum skreytingum. Vegna veðurs á Íslandi tekur það tíma að skreyta fyrir hrekkjavökuna. Venjulega hef ég byrjað viku fyrr, en núna var það tveimur vikum fyrr. Hrekkjavökudótið er bara fyrir einn dag en jólaskeytingar fá að hanga uppi í langan tíma. Veðrið undanfarið hefur ekki verið það besta og draugarnir mínir hafa fokið burt. Ég reyni þó að gera eitt-hvað á hverjum degi í þessar tvær vikur.“

40 grasker í garðinum

Flestar skreytingarnar eru heima-gerðar af Anthony enda er hann mikill listamaður. „Eftir að Costco opnaði hafa þeir boðið frábær grasker og voru með mikið úrval núna. Vegna COVID-tíma þarf fólk á einhverju skemmtilegu að halda til að geta brosað og skemmt sér,“ segir Anthony, en



Anthony með varúlfgrímuna sem hann talar um í viðtalinu.

hann notar 40 grasker í garðinn. Hann segir að grasker hafi verið notuð í Bandaríkjunum því þau voru ódýr og innflytjendurnir höfðu ekki mikla peninga til að skreyta.“

Í dag, á hrekkjavökunni, ætlar Anthony að vera klæddur sem varúlfur, eins og hann gerir venjulega á þessum degi. Hann segir að eftirnafn sitt sem er ítalskt, þar sem hann sé af ítölskum ættum, þýði úlfakoss. Þess vegna klæðir hann sig í úlfabúning, sem vísar í gamla mynd sem kallast á ensku Wolfman. „Konan mín segir stundum að ég hljóti að hafa unnið fyrir Disney í fyrra lífi,“ upplýsir hann og bætir við að honum finnst ótrúlega skemmtilegt að skapa eitthvað. „Mér finnst reyndar alltaf mest gaman að hanna umhverfi, einhvern stað sem fólk getur gengið inn í. Við þurfum meira að svona upplifun-
arstöðum á Íslandi. Þess utan er gaman að búa til eigin skreytingar fyrir hrekkjavökuna, það þarf ekki endilega að kaupa þær.“

Ratleikur í hverfinu

Á undanförunum árum hafa þau Anthony og Yr boðið hafnafirskum krökkum sælgæti, en svo verður ekki núna. Krakkar geta hins vegar meldað sig í ratleik á hverfis-Facebooksíðu. Ef krakkarnir leysa allar þrautir fá þeir nammi hjá foreldrum sínum þegar þeir koma heim. Gróðurhús og verslun verða skreytt og ljósum prýdd á Suðurgötu 9 í dag. Einnig verður reykvél sem gefur draugalegt útlit. Vegna COVID geta þau ekki tekið á móti fólki inn í húsin, heldur verður það að horfa úr fjarlægð og passa upp á sóttvarnareglur. „Ég veit að þetta er kreisi en mér finnst þetta ótrúlega skemmtilegt og eigin-konan styður mig í þessu áhugamáli. Síðan á ég margar fleiri hugmyndir sem ég ætla að geyma til næsta árs,“ segir hann.

Anthony er duglegur að setja inn stutt myndbönd á Instagram-síðu sinni @mono1984 og þar má fylgjast með því sem hann fær við.

Meltingaróþægindi úr sögunni

Davíð Karlsson var alltaf útþaninn eftir máltíðir, sérstaklega þungar máltíðir eða neyslu sykraðra eða gerjaðra drykkja. Hann fann mikinn mun á sér eftir að hann fór að taka Prógastró góðgerla.

Davíð Karlssyni leið strax betur eftir að hann byrjaði að taka inn góðgerla-blönduna Prógastró, eftir áralanga baráttu við loft og önnur óþægindi eftir máltíðir.

„Ég fann strax hvað mér leið betur eftir að ég byrjaði á Prógastró. Ég varð yfirleitt alltaf útþaninn ef ég fékk mér kjöt, bjór eða gosdrykki, en eftir að ég byrjaði á Prógastró hef ég ekki verið að finna fyrir þessum einkennum. Magaverkir sem ég var vanur að finna reglulega fyrir heyrna nú sögunni til. Ég er búinn að taka Prógastró daglega í mörg ár og er ekki að fara að breyta því.“

Veikindi vegna lífsstíls

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktaría getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílsstengdra þátta, eins og mikils álags eða streitu, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi þarmaflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og jafnvel veikindi farið að gera vart við sig.

Líkamlegir og andlegir kvillar

Það er fjölmargt sem einkennir lélega þarmaflóru eða að hún sé í ójafnvægi. Rannsóknir síðari ára hafa rennt styrkum stöðum undir



Davíð Karlssyni leið strax betur eftir að hann byrjaði að taka inn góðgerla-blönduna Prógastró eftir áralanga baráttu við loft og önnur óþægindi.

það hversu gríðarlega mikilvægt það er að þarmaflóran okkar sé í góðu standi, bæði hvað varðar líkamlega sem og andlega heilsu. Það kannast sennilega flestir við ýmiss konar ónot, sem við

tengjum beint við meltinguna. Það getur til dæmis verið:

- Uppþemba eftir máltíðir
- Óreglulegar hægðir
- Vindverkir



2 mánaða skammtur

- Gyllinæð (tengist oft harðlífi)
- Sveppasýkingar
- Húðvandamál

Tengsl þarmaflóru og heilsunnar

Síðastliðin ár hafa vísindamenn verið að rannsaka þarmaflóru með tilliti til síþreytu og ýmissa andlegra kvilla. Í ljós hefur komið að þarmaflóra þessara hópa er ekki eins og hjá þeim sem eru hraustir, sem gefur til kynna hversu mikil-

Stór hluti ónæmiskerfis okkar er staðsettur í meltingarveginum og því er mjög mikilvægt að huga að heilbrigði þarmaflórunnar.

væg þarmaflóran er. Að auki er stór hluti ónæmiskerfis okkar staðsettur í meltingarveginum og því er mjög mikilvægt að huga að heilbrigði þarmaflórunnar. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveiruflóru í þarmaflórunni. Ein leið til þess að huga að heilbrigði meltingarvegs er að taka inn mjólkursýrugerla á hverjum degi.

Góðgerlar sem margfalda sig í þörmunum

Prógastró Gull mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir, en í hverju hylki eru 15 milljarðar af gall- og sýruþolnum gerlastofnum. Einn af þeim er *L. acidophilus* DDS@-1, en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni sem margfalda sig í þörmunum. *L. acidophilus* DDS@-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa.

Söluastaðir: Apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana

Færri salernisferðir og betri svefn

Brizo™ fæðubótarefnið er sérhannað fyrir karlmenn sem þjást af einkennum góðkynja stækunar á blöðruhálskirtli. Það getur veitt skjóta lausn gegn óþægilegum einkennum við þvaglát.

Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnið í líkamanum, sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar litillega og fer að valda vandamálum við þvaglát. Það getur verið:

- Litil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátapörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát


Brizo breytti allri liðan

Skúli Sigurðsson ber Brizo vel söguna, en hann segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum, sem í mörgum tilfellum geti hjálpað og þá án aukaverkana:

„Ég var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Ég vildi forðast að nota lyf og leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það hvernig mér líður af notkun þess.“



Brizo er sérhannað fyrir karlmenn með stækkaðan blöðruhálskirtil.



Skúli Sigurðsson ber Brizo vel söguna.
MYND/ADSEND

Aukin vellíðan

Brizo er framleitt á einstakan hátt þar sem virka efnið SC012 er unnið úr gerjuðu soya, en það virðist geta dregið verulega úr þeim einkennum sem áður voru talin upp. Taka skal inn 1 hylki kvölds og morgna.

Söluastaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana

Stökkar og brakandi ketó-vöflur

Hanna Þóra Helgadóttir matarbloggari og rithöfundur er ein þeirra sem breytti um stefnu í sínu mataræði og byrjaði á ketó-mataræði. Hér býður hún lesendum upp á æðislegar vöflur.

Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir



Eins og við flest þekkjum er matur mannsins megin og eins og við erum mörg og ólík, þá er mismunandi hvað hentar hverjum og einum. Það er ávallt ánægjulegt þegar fólk finnur þann lífsstíl sem hentar því best og eykur vellíðan, úthald og umfram allt að það finni sína hillu þegar kemur að mataræðinu. Ketó-mataræðið er einn lífsstíllinn sem margir kjósa sér í dag. Við heim-sóttum Hönnu Þóru í eldhúsið á dögnum í þættinum Matur & heimili og fengum innsýn í lífsstíl hennar.

Byr til uppskriftir

„Ég hef alltaf verið matarmegin í lífinu og ég fann mína hillu þegar ég prófaði ketó-mataræðið fyrst fyrir tveimur árum. Ketó-mataræðið hentar mér afskaplega vel,“ segir Hanna Þóra, sem uppgötvaði fljótt að hægt væri að njóta matar á ketó-mataræði, en á sama tíma að upplifa miklar breytingar á heilsufarinu til hins betra. „Mér finnst svo gaman að dunda mér í eldhúsinu og búa til uppskriftir sem passa innan rammans að vera sykurlaus og hveitilausar ásamt því að vera lágar í kolvetnum.“ Hanna Þóra er matarbloggari og nýlega opnaði hún nýja heimasíðu www.hannathora.is þar sem hún deilir meðal annars uppskriftum sem hún hefur tekið saman, sem allar innihalda ketó. „Ástríðan hefur svo fengið nýjar hæðir með matreiðslubókinni minni, Ketó, sem er á leiðinni í verslanir fyrir jólin.“

Sykur- og glúteinlausar vöflur í uppáhaldi

Í þættinum Matur & heimili svipti Hanna Þóra hulunni af því sem henni finnst best að fá sér með helgarkaffinu. „Mér finnst æðislegt að baka góðar vöflur um helgar, sem er bæði einfalt og fljótlegt að græja og ég á alltaf allt til í baksturinn. Ketó-vöflur eru sykur- og glúteinlausar og ættu því að henta flestum.“

Til að toppa vöflurnar, sem eru í belgískum stíl, lagar Hanna Þóra súkkulaðismyrju til að smyrja



Vöflurnar hennar Hönnu Þóru líta vel út. Þær eru með súkkulaðismyrju sem hún segir að sé vinsæl á heimilinu. -




Hanna Þóra hefur tileinkað sér ketó matarlífsstíl með góðum árangri. Hún er dugleg að prófa sig áfram með nýjar uppskriftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég á svo margar góðar vöflumínningar úr æsku og ég hugsa að þær séu í svona miklu uppáhaldi þess vegna.“

ofan á vöflurnar, sem slær alltaf í gegn. „Súkkulaðismyrjan er sívinsæl á mínu heimili og er tilvalin til að nota ofan á vöflur eða sem heita sósu með ís. Hún er að sjálf-sögðu sykurlaus og hentar vel fyrir ketó mataræðið.“

Góðar æskumínningar um upphafið að ketó-vöflunum

„Fyrir mér snýst þessi lífsstíll, að vera á ketó mataræði, um að geta lifað með honum í sátt og samlyndi með fjölskyldulífinu. Það hefur lengi verið hefð fyrir því að fá sér eitthvað gott með kaffinu um



Bókin sem Hanna Þóra er að gefa og er væntanlega á markað fljótlega.

helgar og þá langaði mig að geta gert eitthvað einfalt og fljótlegt sem hentar öllum í fjölskyldunni. Ég á svo margar góðar vöflumínningar úr æsku og ég hugsa að þær séu í svona miklu uppáhaldi þess vegna.“ Á tímum sem þessum þá er samverustundirnar með fjölskyldunni gæðastundir og þá er einmitt ljúft að baka saman vöflur til að njóta.

Vanilluvöflur að hætti Hönnu Þóru

2 egg
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. stevia með vanillubragði
1 msk. sykurlaust sýróp
20 g smjör, brætt
1 og ½ dl möndlumjöl

Hrærið öllum innihaldsefnunum saman og bakið vöflurnar í vöflujárni. Gott er að setja smá smjör á járníð á undan. Það er auðvelt að frysta ketó-vöflur og skella í brauðristina eftir þörfum.

Súkkulaðismyrja

1 peli rjómi
1 plata sykurlaust súkkulaði að eigin vali
3 msk. sykurlaust sýróp

Sjóðið allt saman í litlum potti og leyfið blöndunni að kólna aðeins.

Súkkulaðismyrjuna er bæði hægt að bera fram með vöflum og ís. Vöflurnar með súkkulaðismyrjunni má framreiða með rjóma, bláberjum og jarðarberjum.

MEIRI ORKA OG MINNI STREITA



“Þegar ég tek Adapt Energy Boost kem ég meiru í verk og er full af orku í vinnunni og til að stunda áhugamálin af krafti”.

- Ragnheiður Brynjólfssdóttir -



Adapt Energy Boost er sérhannað fæðubótarefni fyrir þá sem þurfa á auka orku að halda í dagsins önn. Það bætir svefn og dregur úr streitu, eykur framtakssemi og kemur jafnvægi á hugann. Sönnuð virkni í klínískum rannsóknum.

Útsöluastaðir:
Apótekarinn, Apótek Hafnarfarðar, Apótek Vesturlands,
Apótek Suðurnesja, Lyf og heilsa, Lyfjaval, Lyfjaver,
Lyfsalinn, Heilsuver og á www.raritet.is

Vegan

LAUGARDAGUR 31. OKTÓBER 2020



Linda Ýr Stefánsdóttir segir að að viðskiptavinir og fylgjendur á samfélagsmiðlum geta tekið þátt í gjafaleikjum þar sem fjöldi girnilegra vinninga verður úthlutað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vegan-búðinni er oft líkt við lítið Whole Foods útibú

Um helgina eru liðin tvö ár frá því að Vegan-búðin hóf starfsemi. Í tilefni af afmælinu verður 15% afsláttur af öllum vörum á laugardag og sunnudag og gjafaleikur, ásamt því að sett verður í loftið ný og betrubætt netverslun., að sögn Lindu ýrar Stefánsdóttur. Verslunin er í Faxafeni 14. ➔2

Framhald af forsiðu →

Vegan-búðin var fyrst opnuð sem órsmá netverslun þann 1. nóvember 2018, en hefur á tveimur árum stækkað ört og er nú fullvaxin matvöruverslun í Faxafeni 14. „Í upphafi samanstóð vöruvalið af um það bil þrjátíu vörum, en er nú um það bil hundraðfalt meira. Viðtökurnar hafa frá upphafi farið fram úr villtustu væntingum eigenda, sem eiga fullt í fangi með að halda í við eftirspurn,“ segir Linda Ýr Stefánsdóttir, starfsman Vegan-búðarinnar.

Vegan vitundarvakning

Linda segist greina aukna umræðu um réttindi dýra og umhverfismál. „Mikil aukning hefur verið á umræðu um umhverfisáhrif og áhrifin sem dýraafurðaneysla og ræktun dýra til manneldis hefur á þau. Því hefur orðið mikil vitundarvakning hjá fólki í tengslum við umhverfismál og dýraréttindi. Þar með hafa fleiri orðið vegan og úrval af vörum fyrir vegan-fólk hefur því aukist gríðarlega eins og sjá má, en flestar matvöruverslanir á Íslandi eru nú komnar með sér kæli eða frysti fyrir vegan-mat.“

Þá segist hún vör við bæði jákvæðar og neikvæðar breytingar undanfarin ár, hvað veganisma snertir. „Fordómarnir hafa alltaf verið til staðar, einstaklingar sumir hverjir bregðast neikvætt við þegar það er skorað á þá að líta inn á við og sjá hvernig þeirra neysla hefur áhrif á dýr og umhverfið í kringum þau og með fjölgun grænkeru og dýra-aktívisma fjölga þeim tilvikum einnig. Á stuttum tíma hefur þó orðið mikil breyting á þessu og almennt er fólk orðið mjög forvitið og jákvætt í garð veganisma.“

Ný og betri netverslun

Það verður nóg um að vera í Vegan búðinni um helgina. „Alþjóðlegur dagur grænkeru er á sunnudaginn 1. nóvember, einnig er verið að fagna tveggja ára afmæli Vegan-búðarinnar bæði laugardag og sunnudag. Við munum bjóða 15% afslátt af öllum vörum þessa helgi auk þess sem við setjum í loftið betrubætta netverslun á veganbudin.is. Viðskiptavinir og fylgjendur á samfélagsmiðlum geta tekið þátt í gjafaleikjum þar sem fjöldi gírnilegra vinninga verður úthlutað,“ segir Linda.

„Netverslunin hefur ekki haldið í við verslunina á staðnum hvað vöruval varðar, en á næstu mánuðum stefnum við að því að allar vörur verði komnar á netið. Með nýju uppfærslunni höfum við tækifæri til að auka upplýsingagjöf og flokkun, en fólk reiðir sig mikið á sérþekkingu okkar og leitar að innblæstri á netinu. Á þessu ári hefur pöntunum í gegnum netverslunina fjölgað margfalt og við hlökkum til að bjóða meira vöruval og betri þjónustu, samhliða vaxandi viðskiptum í búðinni sjálfri.“

Linda segir mikinn eldmód og metnað einkenna starfsemi verslunarinnar, sem er rekin af hugsjónafólki. „Sérstæða Vegan búðarinnar er fyrst og fremst dýravernd, hún hefur því marga fastakúna sem geta treyst á að verslunin sé rekin með sama sjónarmiði og þeir hafa sjálfir. Eigendur og starfsfólk eru vegan af dýraverndarástæðum og því eru eldheitar hugsjónir, drifkrafturinn á bak við reksturinn. Við höfum öll mikla þekkingu og reynslu og metnað til að gera sífellt betur og koma fólki skemmtilega á óvart.“

Fjölbreytt og vaxandi úrval

Linda segir eina skilyrði fyrir þeim vörum sem valdar eru inn vera að þær séu algjörliga lausar við dýraafurðir. „Ófrávikjanlega



Linda Ýr segir margt hafa breyst á síðastliðnum árum og að framtíðin sé björt ef hún er vegan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á stuttum tíma hefur þó orðið mikil breyting á þessu og almennt er fólk orðið mjög forvitið og jákvætt í garð veganisma.

kraftan er sú að vörurnar mega ekki innihalda dýraafurðir, en við leitumst líka við að bjóða vörur sem eru framleiddar í þeim tilgangi að vera umhverfisvænni en aðrir sambærilegir valkostir.“

Þau fái ábendingar víða um áhugaverðar vörur. „Við erum alltaf að leita að einhverju nýju sem fólk hefur áhuga á, erum með frábæra birgja bæði hér á landi og erlendis, svo við erum alltaf snögg að stökkva á spennandi nýjungar. Einnig eru viðskiptavinir duglegir að benda okkur á áhugaverðar vörur, sem við elskum að leita upp og koma í hillurnar.“

Linda ráðleggur þeim sem hafa

áhuga á að draga úr eða hætta neyslu dýraafurða, að byrja á því að prófa þá fjölmörgu kjötstaðgengla sem eru í boði. „Auðveldast væri að byrja á því að smakka vegan-útgáfur af mismunandi réttum sem þeim þykir góðir. Það eru til staðgenglar fyrir nánast hvað sem er, til dæmis erum við með vegan-pylsur, hamburgara, túnfisk, lax og framleiðsla á vegan mat er stöðugt að þróast og því úrvalið sífellt að aukast. Við hvetjum áhugasöm til að kíkja í heimsókn og leyfa okkur að sýna þeim góða valkosti í stað þeirra hefðbundnu matvara sem fólk er vant að borða.“

Að sögn Lindu eru viðskiptavinir af öllum toga, en öll fagni þau því mikla úrvali sem verslunin býður upp á. „Við höfum marga vegan-fastakúna, sumir hverjir koma við daglega. Einnig kemur fjöldi fólks sem er að stíga sín fyrstu skref í átt að veganisma og vörurnar okkar höfðu líka mikið til fólks með ýmis fæðuþol, enda eru þær lausar við alla dýraafurðatengda ofnæmisvalda. Svo er stór hópur sem elskar að koma reglulega til okkar því það er alltaf eitt

hvað nýtt í boði. Vöruvalið okkar er mjög ólíkt því sem er að finna í öðrum matvöruverslunum, svo hingað koma sælkerar í ævintýrafærðir og mörg hafa líkt okkur við lítið útibú frá Whole Foods.“

Mikilvægur málstaður

Linda segir margt hafa breyst undanfarin ár. „Upplýsingamiðlun hefur aukist síðustu ár og mun halda áfram að aukast, þökk sé samfélagsmiðlum, heimildarmyndum og auknum aktívisma á alþjóðavísu. Því heldur fólk áfram að upplýsast um aðstæður dýra og afleiðingar neyslu sinnar á umhverfið.“

Nú sé nánast án undantekningar gert ráð fyrir því að hluti viðskiptavina veitingastaða fylgi vegan-lífsstílum. „Fyrir nokkrum árum þurfti maður að undirbúa sig fyrir að maður færi á veitingastað og ekki einn réttur væri í boði fyrir grænkeru, í dag gerir maður einfaldlega ráð fyrir að hafa jafnvel fleiri en tvo valkosti hvert sem maður fer. Sú þróun mun örugglega halda áfram í þá átt á komandi árum og grænkerafæði mun eflaust verða orðið algengara en það sem

nú er talið hefðbundið, áður en langt um líður.“

Linda segir hugmyndafræðina að baki veganisma margþætta. „Eins og flest vita eru dýr einstaklingar með hugsanir, persónuleika og tilfinningar og því finnst okkur að þau ættu ekki að vera misnotuð í gróðaskyni eða til ánægju fólks. Einnig er neysla og ræktun dýra ekki sjálfbær framtíð fyrir plánetuna sem við lifum á. Að gerast vegan er það besta sem meðal einstaklingur getur gert fyrir umhverfið okkar og á sama tíma tekið afstöðu gegn misnotkun dýra.“

Þá hafi fjöldi rannsókna sýnt fram á heilsufarslegan ávinning vegan-mataræðis. „Stór plús er hvað vegan-mataræði er frábært fyrir heilsuna, ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar og vegan-mataræði hefur verið tengt við lægri blóðþrýsting og kólesteról, lægri tíðni hjartasjúkdóma, sykursýki 2 og nokkrar tegundir krabbameins. Framtíðin er björt ef hún er vegan.“

Verslunin er staðsett í Faxafeni 14 og heimasíðan er á veganbudin.is

Endurheimtu jafnvægið

Neubria er ný háþróuð bætiefnalína sem getur hjálpað þér að auka afköst og takast á við álag. Þessar einstöku bætiefnablöndur innihalda öflugar jafnvægisjurtir, vítamín og steinefni sem styðja við hugræna virkni og bæta líkamlegt og andlegt jafnvægi.

Hraðinn í okkar daglega lífi er mikill og áreiti er sífellt að aukast. Neikvæð áhrif af langvarandi álagi á andlega og líkamlega heilsu okkar hafa mikið verið rædd í samfélaginu enda sýna rannsóknir að að tíðni sjúklegar streitu fer vaxandi. Einkenni eins og orkuleysi, minni afkastageta, einbeitingarskortur, kvíði, svefntruflanir og jafnvel skert kynorka, geta tengst of miklu álagi. Ef við hunsum stöðugt þau skilaboð sem líkaminn reynir að senda okkur og virðum ekki streitumörkin okkar þá gæti örmögnun verið handan við hornið. Mikil vitundarvakning hefur sem betur fer orðið um hversu mikilvægt það er að finna jafnvægi í daglegu lífi og vera vakandi fyrir streitugæmdu einkennum. Við þurfum að finna leiðir til að aðlagast áreiti og álagi nútímans og fyrirbyggja að álagið verði okkur skaðlegt," segir Kristín Steindórsdóttir, nær-ingarþerapisti.

Adaptogen jurtir geta stuðlað að jafnvægi

Í náttúrunni leynist fjársjóður í jurtum sem kallast adaptogen, öðru nafni jafnvægisjurtir, sem geta komið okkur að góðu gagni. Jurtir sem flokkast sem adaptogen eru taldar mjög áhrifaríkar og öruggar og hafa verið notaðar um ómunatið til að efla heilsu okkar

» Neubria vörurnar eru háþróaðar gæðavörur sem innihalda öflugar jurtir, mikilvæg vítamín og steinefni, sem auka orku, úthald og einbeitingu og hjálpa líkamnum að takast á við álag.

og auka aðlögunarhæfni líkamans gegn álagi. Adaptogen jurtir hafa náð miklum vinsældum á vesturlöndum og má segja að þær séu í brennideplinum í heimi heilsumvísindanna í dag. Mikill áhugi er á að rannsaka eiginleika jurtanna og sífellt fleiri niðurstöður styðja við aldagamlar fullyrðingar forvera okkar, um jákvæð áhrif þessara einstöku jurta.

Neubria hefur vísindi og þekkingu að leiðarljósi

Hjá Neubria starfar úrvalslíð sérfræðinga sem hafa það að mark-



Adaptogen jurtir geta hjálpað okkur að endurheimta jafnvægi, segir Kristín Steindórsdóttir, nær-ingarþerapisti.

Allar Neubria vörurnar eru vegan.

» Adaptogen jurtir hafa verið notaðar um ómunatið og er talið að þær geti aukið aðlögunarhæfni líkamans gegn streitu, þreytu og orkuleysi.

miði að skapa fæðubótaefni sem mætir þörfum nútímans. Mikill metnaður er lagður í að setja saman öflugar blöndur af jurtum og öðrum náttúruvefnum ásamt nauðsynlegum vítamínum, með áherslu á að vernda heilann, örva hugræna virkni og búa líkamann undir að þola betur álag. Neubria línan samanstendur af fimm

sérvöldum bætiefnablöndum með ádurnefndum adaptogen jurtum, sem geta hjálpað okkur að endurheimta jafnvægi, aukið orku, skert athygli og unnið gegn skaðlegum áhrifum streitu.

Fæst í apótekum og stórmörkuðum



Neubria Mood

Inniheldur:

- túrmerik
- burnirót
- ashwaganda
- saffran
- sitrónólín.

Inniheldur einnig öll helstu vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.

Góður kostur fyrir þá sem vilja bæta líkamlegt og andlegt jafnvægi.



Neubria Memory

Inniheldur:

- túrmerik
- aswagandha
- bacopa monnieri
- rósmarín extract
- ginkgo bilboa
- sitrónólín
- co-enzyme Q10.

Inniheldur einnig öll helstu vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.

Góður kostur fyrir þá sem vilja efla minni og einbeitingu.



Neubria Sleep

Inniheldur:

- tryptófan
- humla
- sitrónu
- Kamillu
- saffran
- magnesíum.

Formúlan inniheldur útvalin náttúrubætiefni sem vinna saman að því að hjálpa líkamnum að ná slökun og bæta svefngæði




Neubria Focus

Inniheldur:

- koffín
- co-enzyme
- Q10
- sitrónólín
- bacopa monnieri
- aswagandha
- ginkgo bilboa
- salvíu
- lútín
- zeaxantín
- bláber
- rósmarín.

Lútín og zeaxantín eru talin geta verndað augun gegn skaðlegum geislum frá tölvuskjám.

Getur hjálpað til við að efla hugræna virkni og styðja við einbeitingu og athygli.



Neubria Energy

Inniheldur:

- B3
- B5
- B6
- B9
- B12
- kóreskt-, siberískt- og amerískt Gingseng,
- náttúrulegt koffín frá Guarana ávextinum
- L-theanine sem getur jafnað mildað áhrif koffíns, komið þannig í veg fyrir óþægilegar aukaverkanir sem getur fylgt koffín inntöku.

Góður kostur fyrir þá sem þurfa á auka orku að halda.

Vegan-gott í tilefni dagsins

Hrekkjavakan verður með dapurlegra sniði í ár en venjulega, en það er þeim mun mikilvægara að nýta tækifærið til að gera sér dagamun. Hér er vegan-gotteri í tilefni dagsins.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Þá er hrekkjavaka komin aftur, en í ár verður víst minna um veislur, fylleri og búningskeppnir en venjulega, vegna heimsfaraldursins. Það er samt hægt að hafa það gott heima og fá sér eitthvað hrekkjavökugott yfir góðri hryllingsmynd. Hér eru tvær uppskriftir að vegan-góðgæti, sem á við í dag.

Fylltar hrekkjavökupaprikur

4 paprikur, liturinn skiptir ekki máli

25 grömm af furuhnetum

1 matskeið af ólífú- eða repjuolíu

1 rauðlaukur, saxaður

2 stórir hvítlauksgeirar, kramdir

1 lítið eggaldin, saxað í litla bita

200 gramma poki af blönduðu korni

2 matskeiðar af maukuðum sólþurrkuðum tómötum

Rifið hýði af einni sítrónu

Glás af basilíku, saxað

Skref 1: Skerið toppana af paprikunum og setjið þá til hliðar. Fjar-



Hrekkjavökupaprikurnar eiga að líta nokkurn veginn svona út, en á myndinni er önnur fylling en í uppskriftinni sem birtist hér. MYND/GETTY

lægðu öll fræin og allt þetta hvíta innan úr þeim. Notið beittan hnif til að skera draugaleg hrekkjavökuanalit í hliðarnar. Saxið allt sem er skorið burt í litla bita og geymið þar til síðar.

Skref 2: Ristið furuhnetur á þurri pönnu í nokkrar mínútur þar til þær verða gullnar og setjið þær til

hliðar. Hitið olíuna á pönnunni og hitið ofn á 200°C/180°C með blæstri. Eldið laukinn í olíunni í 8-10 mínútur þar til hann mýkist. Hrærið hvítlauknum, afskornu bitunum af paprikunni og eggaldininu út í og eldið í 10 mínútur í viðbót, þangað til grænmetið er mjúkt. Bætið slettu af vatni út í ef

Karamelluhjúpuð epli eiga vel við á haustin og geta verið hollari staðgengill fyrir sælgæti. MYND/GETTY



pannan virðist þurr. Kryddið.

Skref 3: Kreistið kornpokann til að brjóta innihaldið upp og hvolfið honum svo ofan í pönnuna með tómataukinu. Hrærið í mínútu eða tvær til að það hitni í gegn, takið pönnuna svo af hitanum og bætið sítrónuhýðinu, basilíkunni og furuhnetunum út í.

Skref 4: Fyllið hverja papriku með blöndunni og setjið toppana aftur ofan á. Það getur verið gott að nota tannstongla til að halda þeim á sínum stað. Setjið paprikurnar svo í eldfast mót og látið andlitin snúa upp. Setjið álpappír yfir og bakið í 35 mínútur, en síðustu 10 mínúturnar á ekki að vera neitt yfir þeim. Paprikurnar ættu að vera mjúkar og fyllingin sjóðheit.

Karamelluhjúpuð epli

Fjögur epli

Fjögur ispinnaprik

Karamellusósan:

1 bolli af vegan sykri

1/8 teskeið af vínsteinslyftidufti

3 matskeiðar af vatni

1/4 bolli af hreinsaðri kókosolíu

3 matskeiðar af sojamjólki

Til að gera karamelluna þarf að byrja með hreina pönnu í venjulegri stærð og setja á hana sykurlu, vatn og vínsteinslyftiduft. Stillið hitann á millistig. Sykurvatnið mun byrja að sjóða, en það á ekki að hræra, heldur bara lyfta pönnunni og hrísta upp í sykrinum ef þörf krefur.

Fylgist mjög vandlega með sykurlöndunni. Þegar hún hefur soðið í 6-8 mínútur byrjar hún að dökkna og lykta eins og karamella. Þá á hún að fá að sjóða í 10-20 sekúndur í viðbót til að fá brúnan lit. Litabreytingin verður ekki mjög mikil þegar óbleiktur sykurlu er notaður og það er gott að fylgja nefinu, karamellan er tilbúin þegar hún lykta eins og karamella. Þá á að taka þetta af hitanum og strax bæta kókosolíunni út í og hræra með málmþeytara með löngu handfangi í nokkrar sekúndur.



Mandarínur eru komnar í búðir og það er hægt að gera þær að vegan-hrekkjavökunammi með því að skreyta þær. MYND/GETTY

Bætið sojamjólkinni varlega út í, hún gæti bubblað og skvest. Haldið áfram að hræra þangað til þetta hefur allt blandast vel saman. Leyfið blöndunni svo að kólna niður í herbergishita. Hitið karamellusósuna svo aftur upp þangað til hún fer að bubbla og leyfið henni að gera það í 45 sekúndur á lágum hita. Leyfið henni svo að kólna í um 10 mínútur þar til hún byrjar að stifna og verða klístruð.

Til að þekja eplin svo með sósunni er gott að nýta tímann á meðan karamellan kólnar til að taka stöngulinn úr eplunum, þvo þau og þurrka svo vandlega. Stingið síðan ispinnapriki ofan í toppinn á hverju epli.

Þegar karamellan er orðinn þykk og klístruð skal rulla eplunum upp úr karamellunni og þekja þau. Það getur verið gott að nota skeið til að auðvelda þetta. Setjið eplin svo á bakka með bökunarpappír eftir að búið er að dýfa þeim og leyfa auka karamellusósu að drjúpa af. Setjið svo bakkann í isskáp til að kæla hann niður. Eplin losna auðveldlega af bökunarpappírnum þegar þau hafa kólnað.

SPÍNAT ER OFURFÆÐA ALVÖRUR SPÍNAT

Flestir vita um hollustu spínats. Það er ein næringarríkasta fæða sem til er. Þess vegna er líka gott að vita að spínatið frá okkur er **alvöru spínat**.

Andoxunarefni · Járn · Steinefni · Fólínsýra · C-vítamín



Allt um spínat á **holltoggott.is**

Hollt & Gott

Sviðsstjóri



Lyfjastofnun leitar að öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra á nýju sviði. Sviðsstjóri stýrir starfsemi sviðsins og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd þeirra verkefna sem undir sviðið heyrir.

Skipulag og verkefni nýs sviðs eru í mótun og mun sviðsstjóri koma að þróun og uppbyggingu þess. Í boði er spennandi og krefjandi stjórnunarstarf fyrir framsækinn leiðtoga. Sviðsstjóri situr í framkvæmdaráði Lyfjastofnunar og tekur þátt í stefnumótun stofnunarinnar og áætlanagerð. Starfið heyrir undir forstjóra stofnunarinnar.

Verkefnastjórnunardeild og samskiptadeild heyrir undir sviðið. Verkefni sem nú heyrir undir lyfjagreiðslunefnd munu færast til Lyfjastofnunar nk. áramót og munu einnig heyrir undir sviðið. Á sviðinu starfa u.þ.b. 20 starfsmenn.

■ Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á faglegu starfi og daglegri starfsemi sviðsins
- Ábyrgð á að starfsemi sviðsins fari fram í samræmi við markmið og áherslur Lyfjastofnunar sem og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda
- Stefnumótun, starfsmannahald og áætlanagerð sviðsins
- Erlent samstarf og samskipti Lyfjastofnunar sem heyrir undir sviðið

■ Helstu verkefni sviðsins:

- Móttaka erinda og gilding gagna
- Útgáfa vottorða, símsvörun og vöktun pósthólfa
- Samskipti við fjölmiðla, fagaðila og almenning
- Þjónustukannanir
- Vefur Lyfjastofnunar, þ.m.t. fréttaskrif, útgáfa sérlyfjaskrár, lyfjaverðskrár og skiptiskrár lyfja
- Ákvarðanir um verð, greiðslupátttöku og leyfisskyldu lyfja

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla úr störfum hjá lyfjafyrirtækjum er kostur
- Reynsla af stefnumótun og gæðamálum
- Reynsla af kynningarstarfsemi, verð- og greiðsluþátttöku lyfja og lyfjaskráningum
- Reynsla af hagrænni greiningu æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Afburða tölvuhæfni, nákvæmni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogahæfni, jákvæðni og sveigjanleiki
- Teymisvitund, frumkvæði og faglegur metnaður

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2020. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Helstu hlutverk stofnunarinnar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf í samvinnu við lyfjafirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjabúðum, lyfjafyrirtækjum, heilbrigðisstofnunum og söluaðilum lækningatækja á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf og lækningatæki til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda.

Hjá Lyfjastofnun starfa rúmlega 70 starfsmenn af 6 þjóðernum.

Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Gildi Lyfjastofnunar eru:

gæði – traust – þjónusta

Nánari upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á: www.lyfjastofnun.is

Lyfjastofnun hefur hlotið jafnaunavottun. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Upplýsingar veita: Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Rúna Hauksdóttir Hvannberg, forstjóri Lyfjastofnunar (runa.hauksdottir.hvannberg@lyfjastofnun.is) í síma 520 2100.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Sviðsstjóri matvælaöryggis- og lýðheilsusviðs



Matis ohf. leitar að jákvæðum og drifandi einstaklingi til að leiða verkefnasvið Matis á sviði matvælaöryggis og lýðheilsu. Sviðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn Matis.

Hlutverk Matis er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs og tryggja matvælaöryggi, lýðheilsu og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Yfirábyrgð á verkefnum og verkefnaöflun sviðs
- Stefnumótun og þróun sviðs
- Þátttaka í framkvæmdastjórn
- Samskipti við hagaðila á sviði matvælaöryggis og lýðheilsu
- Áætlanagerð og markmiðasetning

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Viðtæk þekking og reynsla á matvælaöryggi og áhættumati á sviði matvæla
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun
- Góð færni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Mjög góð kunnáttu í íslensku og ensku og góð hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2020. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

Matis leggur áherslu á hagnýtar rannsóknir sem auka verðmæti íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að öryggi og heilnæmi afurða og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Hjá Matis starfar kraftmikill hópur sem brennur fyrir því að finna nýjar leiðir til að hámarka nýtingu hráefnis, auka sjálfbærni, tryggja matvælaöryggi og efla lýðheilsu.

Nánari upplýsingar má finna á:

www.matis.is



JAFNLAUNAVOTTUN

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjórar



Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra sem koma fram fyrir hönd Ríkiseigna sem upplýstir og kröfuharðir kaupendur að hönnun, eftirliti og framkvæmdum.

Verkefnastjóri framkvæmda

Helstu viðfangsefni:

- Stjórnun verkefna og eftirlit með framvindu
- Þátttaka í undirbúningi verkefna og rýni verkefna á hönnunar- og útboðsstigi
- Kostnaðareftirlit, uppgjör og skilamöt
- Þátttaka í umbótaverkefnum innan Ríkiseigna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verk-, tækni-, eða byggingafræði þar sem meistaragráða er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun verklegra framkvæmda
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Reynsla af uppgjöri verkefna
- Þekking á hönnunarferli og hönnunarrýni
- Frumkvæði, vandvirkni og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Verkefnastjóri bygginga

Helstu viðfangsefni:

- Metur ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfar, endurbóta og breytinga
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Stjórnun verkframkvæmda
- Undirbúningur verkefna og rýni verkefna á hönnunar- og útboðsstigi
- Gerð langtímaáætlana fasteigna
- Þátttaka í umbótaverkefnum innan Ríkiseigna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verk-, tækni-, eða byggingafræði þar sem meistaragráða er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun verklegra framkvæmda
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Þekking á hönnunarferli og reynsla af hönnunarrýni
- Frumkvæði, vandvirkni og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis. Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna.

Umsýsla fasteigna felst einkum í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra. Umsýsla jarðeigna felst aðallega í útleigu og ábúð á ríkisjörðum, umsjón með leigusamningum og samskiptum við leigutaka og ábúendur. Að auki annast Ríkiseignir umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar má finna á:

www.rikiseignir.is

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkefnastjóri framkvæmda

Sjómannadagsráð rekur um 90.000 m² af húsnæði og er leiðandi aðili í öldrunarþjónustu á Íslandi. Í gegnum dótturfélög sín, Hrafnistu og Naustavör, veitir félagið á annað þúsund landsmanna í fimm sveitarfélögum daglega þjónustu.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Sjómannadagsráð leitar að sjálfstæðum, drífandi og metnaðarfullum einstaklingi með góða reynslu af verkframkvæmdum í starf verkefnastjóra framkvæmda. Verkefnastjóri hefur umsjón með framtíðarþróun og verkefnastýringu nýrra framkvæmda- og endurbótaverkefna í samvinnu við innri og ytri hagaðila.

Starfssvið

- Umsjón með nýframkvæmdum og stærri endurbótaverkefnum.
- Umsjón með útboðum og samningum.
- Umsjón með ráðningu hönnuða, verktaka og birgja.
- Gerð verkefna-, tíma- og kostnaðaráætlana.
- Kostnaðareftirlit og eftirfylgni tímaáætlunar á framkvæmdatíma.
- Samskipti við hönnunarstjóra.
- Þátttaka í þróun hagkvæmustu lausna og markmiðasetningu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk-, eða tæknifræðipróf, meistaraþróf er kostur.
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda.
- Þekking eða reynsla af verkefnastjórnun og samningagerð.
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana.
- Rík kostnaðarvitund og hæfni til að samræma markmið stærri heildar.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 8.nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Mannauðsstjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið leitar eftir öflugum einstaklingi með víðtæka reynslu og þekkingu til að leiða starf ráðuneytisins á sviði mannauðsmála.

Mannauðsstjóri leiðir þróun mannauðsmála í samstarfi við stjórnendur og fylgir eftir verkefnaáætlunum ráðuneytisins. Mannauðsstjóri heyrir undir skrifstofu ráðuneytisstjóra.

Í ráðuneytinu starfar um 45 manna samhentur hópur á sex skrifstofum. Ráðuneytið leggur áherslu á góðan starfsanda, góð starfsskilyrði og jafnræði kynjanna. Ráðuneytið hefur hlotið gæðavottun umhverfisstjórnunarkefnis og jafnlaunavottun.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk á sviði mannauðsmála
- Ábyrgð á þróun starfsumhverfis
- Umsjón með launasetningu, þróun jafnlaunakerfis og framkvæmd jafnlaunagreiðinga
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu starfsfólks
- Umsjón með framfylgd verkefnaáætlana ráðuneytisins í samstarfi við stjórnendur
- Umsjón með framkvæmd stjórnendastefnu ríkisins gagnvart stofnunum ráðuneytisins
- Þátttaka í ýmsum verkefnum og starfshópum innan og utan ráðuneytisins

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf með meistaragráðu sem nýtist í starfi
- Þekking og marktæk reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð á sviði mannauðsmála
- Reynsla eða þekking af verkefna- og breytingastjórnun
- Reynsla af gæðamálum er kostur
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember nk. Sótt er um starfið á Starfatorgi – starfatorg.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri, netfang sigridur.arnardottir@uar.is.

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið



Sérfræðingur í lánsfjáröflun og greiningu skuldabréfamarkaðar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að framúrskarandi og reynslumiklum sérfræðingi til að sinna verkefnum á sviði lánsfjáröflunar og skuldastýringar. Markmið starfsins er að stuðla að hagkvæmri fjármögnun ríkissjóðs sem styður við fjárhags- og hagstjórnarmarkmið stjórnvalda.

Í boði er áhugavert starf á lífandi og skemmtilegum vinnustað þar sem ríkir góður starfsandi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með þróun sviðsmynda við fjármögnun ríkissjóðs.
- Greiningar og ráðgjöf um skuldabréfamarkað.
- Samspil lánsfjáröflunar og hagstjórnar.
- Þróun áhættustýringar ríkissjóðs.
- Hagnýting efnahagsreiknings ríkissjóðs til að draga úr fjármögnunarpörf.
- Samskipti við láns hæfismatsfyrirtæki og aðra samstarfsaðila.
- Miðlun upplýsinga um stöðu og fjármögnun ríkissjóðs.
- Þátttaka í lánsfjáröflun og skuldastýringu.

Hæfnikröfur

- Meistaragráða sem nýtist í starfi, t.d. á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði.
- Afburðagóð þekking og reynsla af skuldabréfamarkaði og fjármögnun.
- Framúrskarandi greiningarhæfni ásamt reynslu í að miðla upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti, kunnátta á Norðurlandamáli er æskileg.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Góð samskiptahæfni og geta til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk.

Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.starfatorg.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Guðrún Ögmundsdóttir - gudrun.ogmundsdottir@fjr.is og Sigurður Helgi Helgason - sigurdur.helgason@fjr.is

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið





KRÝSUVÍK
MEÐFERÐARHEIMILIÐ

FORSTÖÐUMAÐUR MEÐFERÐAR- HEIMILISINS KRÝSUVÍKUR

